Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25 gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við frumvarp til fjárlaga 1918—1919.

I. Kafi.

Tekjur.

Við 2. gr.

Við 1. *Ábúðar- og lausafjárskattur*. Þessir skattar hafa 5 árin 1911—1915 farið hækkandi.

Peir voru árið	1911	54,080	kr.		
—	—	—	1912	54,596	—
—	—	—	1913	57,764	—
—	—	—	1914	64,559	—
—	—	—	1915	62,068	—

eða að meðaltali 58,613 kr., en að meðaltali 3 árin 1913—1915 61,464 kr.

Innborgaður ábúðar- og lausafjárskattur fyrir árið 1916 nam 12. febr. 1917, 74,197 kr. og tekjur fyrir það ár voru þá ekki allar innkomnar.

Þar sem meðalalin hefir hækkað svo mjög síðustu tvö árin og að eigi er líklegt að hún lækki í bráð, þó heimsstyrjöldinni linni, virðist mega áætla þessar tekjur 75,000 kr. á ári næstu tvö árin.

Við 2. *Húsaskattur* fer lítið eitt vaxandi, eins og nú skal sýnt:

Árið	1911	var hann	13,621	kr.	
—	1912	—	—	14,085	—
—	1913	—	—	14,376	—
—	1914	—	—	14,511	—
—	1915	—	—	15,300	—

eða að meðaltali 14,378 kr., en 3 síðustu árin 14,729 kr. Innborgaður húsaskattur fyrir árið 1916 nam 12. febr. 1917 13,326 kr. Virðist því mega áætla hann 14,500 kr. á ári.

Við 3. *Tekjuskattur* hefir verið eins og hjer segir 5 árin 1911—1915:

Árið	1911	31,655	kr.
—	1912	34,081	—
—	1913	35,058	—
—	1914	37,546	—
—	1915	43,642	—

eða að meðaltali 36,396 kr., en 3 þessi síðustu árin 38,537 kr.

Innborgaður tekjuskattur á árinu 1916 nam hinn 9. febr. 1917 57,412 kr.

Vöxtur tekjuskattsins virðist fara hröðum fetum, sem einkum mun stafa af hinni vaxandi útgerð með skipum, sem betur eru hæf en áður til þess að ná í aflann, hvar sem hans þarf að leita.

Hátt söluverð á aflanum hefir og átt sinn þátt í því, að arðurinn af útgerðinni hefir vaxið síðustu árin.

Ennfremur hefir stærri útgerðarfyrirtækjum fjölgað með hverju ári, og allar líkur eru til, að verð á sjávarafurðum haldist nokkuð hátt fyrstu árin.

Það virðist því mega áætla tekjuskattinn 50,000 kr. á ári.

Við 4. *Aukatekjur*. Þær hafa numið:

Árið 1912	71,833 kr.
— 1913	79,552 —
— 1914	77,805 —
— 1915	83,695 —

Meðaltal 3 árin síðustu er því 80,351 kr. Innborgaðar aukatekjur á árinu 1916, námu 12. febr. 1917 82,798 kr.

Þar sem tekjur þessar fara hækkandi, virðist mega áætla þær 80,000 kr. á ári.

Við 5. *Erfðafjárskattur* hefir numið:

Árið 1912	3,469 kr.
— 1913	6,648 —
— 1914	6,485 —
— 1915	14,779 —

eða að meðaltali 3 síðustu árin 9,301 kr.

Innborgaður erfðafjárskattur fyrir árið 1916 nam 12. febr. 1917 13,810 kr.

Þó tekjugrein þessi sje mjög breytileg, virðist mega áætla erfðafjárskattinn 8000 kr. á ári.

Við 6. *Vitagjald*. Það hefir numið:

Árið 1912	55,697 kr.
— 1913	60,861 —
— 1914	62,256 —
— 1915	48,082 —

Meðaltal 3 árin síðustu er því 56,616 kr.

Innborgað vitagjald á árinu 1916 nam 12. febr 1917 36,488 kr.

Enda þótt tekjur þessar hafi stórum lækkað 1915, sem stafar eðlilega af styrjöldinni og þar af leiðandi takmörkun á siglingum til landsins, þá mun mega vænta þess, að siglingar komist svo í lag á næsta ári, að áætla megi tekjur þessar 50,000 kr. hvort árið.

Við 7. *Leyfisbrjefgjöld*. Þau hafa numið:

Árið 1911	6,108 kr.
— 1912	7,446 —
— 1913	7,432 —
— 1914	6,529 —

Árið 1915 10,461 kr. .

eða að meðaltali 7,865 kr.

Innborgað leyfisbrjefgjald á árinu 1916 nam 12. febr. 1917 8,751 kr.

Þar sem gjöld þessi virðast fara heldur vaxandi, mun mega áætla þessar tekjur 7,000 kr. á ári.

Við 8. *Útflutningsgjald.* Það gjald hefir numið sem hjer segir, að frádregnum innheimtulaunum:

Árið 1911 150,399 kr.

— 1912 152,990 —

— 1913 171,314 —

— 1914 195,111 —

— 1915 258,483 —

eða að meðaltali 185,659 kr.

En síðustu 3 árin 208,303 kr.

Innborgað útflutningsgjald fyrir árið 1916 nam 12. febr. 1917 197,969 kr.

Þar sem útflutningsgjaldið vex svo mjög árlega, einkum vegna aukinnar sildarframleiðslu, og að skipum hefir mjög fjölgað síðasta árið, sem hæf eru til sildarveiða og þegar ennfremur er tekið tillit til að mikið er óúflutt af sild og fiski frá fyrra ári, mun vera sennilegt, að áætla þennan lið 220,000 kr. á ári.

Við 9. *Áfengistollur.* Tollur þessi hefir numið:

Árið 1913 21,299 kr.

— 1914 30,539 —

— 1915 49,892 —

Þriggja ára meðaltal er 33,910 kr.

Innborgaður áfengistollur fyrir árið 1916 nam 13. febr. 1917 62,067 kr.

Svo virðist sem tölur þessar fari hækkandi, og að áætla megi því þennan lið 40,000 kr. á ári.

Við 10. *Tóbakstollur.* Tollur þessi hefir verið, að frádregnum innheimtulaunum:

Árið 1911 207,942 kr.

— 1912 208,570 —

— 1913 214,939 —

— 1914 224,471 —

— 1915 282,483 —

eða að meðaltali 227,681 kr., en síðustu 3 árin 240,631.

Innborgaður tóbakstollur á árinu 1916 nam 13. febr. 1917 289,516 kr. og tekjur þá eigi allar komnar.

Þar sem tolltekjur þessar fara stöðugt vaxandi, virðist nú mega áætla þær 250,000 kr. á ári.

Við 11. *Kaffi- og sykurtollur* hefir numið, að frádregnum innheimtulaunum:

Árið 1911 432,054 kr.

Árið 1912	449,578 kr.
— 1913	522,313 —
— 1914	525,010 —
— 1915	618,459 —

eða að meðaltali 509,483 kr., en 3 árin síðustu 555,127 kr.

Innborgaður kaffi- og sykurtollur fyrir árið 1916 nam 13. febr. 1917 542,270 kr.

Notkun sykurs fer vaxandi og virðist því óhætt að áætla þenna lið 550,000 kr. á ári.

Við 12. *Vörutollur*. Tollur þessi nam, að frádregnum innheimtulaunum, árið 1915 340,386 kr., en var á síðustu fjárlögum áætlaður 375,000 kr. Það, sem einkum hefir rýrt þennan toll, er, að tekið hefir nálega fyrir kolasölu til útlendra fiskiskipa, sem var mjög mikil. Vænta má, að sú sala komist í betra horf að þessu ári liðnu, og að því megi áætla þennan toll 350,000 kr. á ári.

Við 13. *Annað aðflutningsgjald*. Það hefir verið 4 síðustu árin sem hjer segir, að frádregnum innheimtulaunum.

Árið 1912	30,687 kr.
— 1913	35,549 —
— 1914	38,586 —
— 1915	48,614 —

eða 3 síðustu árin að meðaltali 40,916 kr.

13. febr. 1917 var greitt upp í annað aðflutningsgjald fyrir 1916 60,573 kr.

Gjald þetta mun hafa vaxið svo mjög þessi 2 síðustu ár vegna laga nr. 21, 20. okt. 1913, og ætti nú að mega áætla það 50,000 kr. á ári.

Við 14. *Pósttekjur*. Þær hafa numið:

Árið 1911	113,700 kr.
— 1912	168,426 —
— 1913	148,410 —
— 1914	132,572 —
— 1915	128,909 —

eða að meðaltali 138,403 kr.

Ef gera má ráð fyrir, að heimsstýrjöldinni linni á árinu 1917, þá virðist eigi eiga við að byggja hjer á meðaltali. Stýrjöldin hefir haft svo afarmikil áhrif á lækkun pósttekjanna, þar sem frímerkjasala til stærri þjóðanna hefir horfið, og tekjur fyrir frímerki á útlenda póstbögglum, samkvæmt vörutollslögunum, hafa stórum minkað. Að stýrjöldinni lokinni mun mega búast við að þessi tekjuliður hækki, og að óhætt muni vera að áætla árstekjurnar samkvæmt bendingu póstmeistara í brjefi dagsettu 12. febr. 1917, 140,000 kr. á ári.

Við 15. *Símatekjur*. Þær hafa numið í 5 ár sem hjer segir:

Árið 1911	117,560 kr.
— 1912	160,634 —
— 1913	183,144 —
— 1914	231,063 —

Árið 1915 316,524 kr.

eða að meðaltali 201,785 kr., en í 3 ár 243,577 kr.

Landssímastjórinn hefir framfært mjög iniklar líkur fyrir því í brjefi 31. jan. þ. á., að símatekjurnar vaxi stórum á næstu 2 árum, og hefir hann lagt til, að tekjurnar verði áætlaðar 1918, 345,000 kr. en síðara árið 355,000 kr. Það ætti því að vera óhætt, að áætla þær 325,000 kr. fyrra árið, og 335,000 kr. síðara árið.

Við 16. *Tekjur af Íslandsbanka*. Þær voru áætlaðar á síðustu fjárlögum 11,000 kr. hvort árið, en sökum aukins seðlaútgáfurjettar fyrir árið 1916 og 1917 hafa tekjurnar orðið talsvert hærri.

Með því eigi verður gert út um fyr en á næsta þingi, hvornig auknum seðlaútgáfurjetti bankans verður fyrirkomið, virðist eigi ástæða til, að áætla tekjur af þessum lið hærri en 11,000 kr. á ári.

Við 17. *Tekjur af Landsbankauum*. Liðurinn *a* er fastákveðinn í lögum bankans, en liðurinn *b* hækkar árlega, með því innstæðufjeð eykst með 100,000 á ári.

Tekjur af þessu innskotsfje voru áætlaðar á síðasta þingi 4⁰/_o, og ættu þær að nema 18,000 kr. fyrra árið og 22,000 kr. síðara árið.

Við 18. *Óvissar tekjur*. Þær hafa numið 4 síðustu árin sem hjer segir:

Árið 1912	48,184 kr.	Þar af fiskiv.sekt.	30,329 kr.
— 1913	85,638	— — —	76,901
— 1914	80,202	— — —	68,330
— 1915	22,843	— — —	10,112

Tekjur þessar hafa þannig reynst lang-lægstar 1915, sem stafar af því, að sektir fyrir ólöglegar fiskiveiðar, sem eru ávalt taldar í þessum lið, hafa að miklu leyti horfið síðan styrjöldin byrjaði. Þó gera megri ráð fyrir að tekjur þessar hækki bráðlega, virðist eigi ástæða til að áætla þær meira en 20,000 kr. á ári, enda eru þessar tekjur mjög breytilegar, einnig á friðartímum.

Við 3. gr.

Við 1. *Eftirgjald eftir jarðeignir landssjóðs*, hefir numið að meðaltali 1911—15 kr. 32,161,37
að frádregnu meðaltali af umboðslaunum, prestsmötu, húsabóta-
styrk o. fl. 1911—1915 — 3,681,15
kr. 28,480,22

Reikningar umboðanna 1916 eru ekki fyrir hendi þegar þessi áætlun er gerð, en verðlagsskráin 1916—17 og verðlagsskráin 1917—18 er svo miklu hærri, en hún hefir verið, að allar líkur eru til þess, að jarðareftirgjöldin, sem mestmagnis eru ákveðin eftir verðlagsskrá, en að litlu leyti í peningum, verði hærri en 28,000 kr. á ári 1917 og 1918.

Við 2. *Tekjur af kirkjum* eru taldar eins og í nágildandi fjárlögum.

Við 3. *Tekjur af silfurbergsnámunum* hafa ekki komið inn 1915, og

hefir verið upplýst, að það væri af styrjaldarástandinu. 1918 og 1919 mun þetta ástand hafa breyst svo, að farið verði að búa til visindaleg verkfæri, sem silfurberg þarf að nota í. Eftir kringumstæðum virðist þó eigi vera ástæða til að áætla tekjur af þessum lið hærri en 2,000 kr. á ári.

Við 4. Eins og á nógildandi fjárlögum.

Við 4. gr.

Við 1. Venjulegt yfirlit um væntanlegar tekjur af viðlagasjóði 1918 og 1919, og skrá yfir lánin verður lagt fyrir alþingi 1917. Þar er ekki fremur en áður gert ráð fyrir tekjum af útlánum 1918 og 1919.

Við 2. Þetta eru vextir af kgl. ríkisskuldabryfum, sem eru í veði fyrir veðdeildabryfum Landsbankans I. og III. flokki. Af ríkisskuldabryfunum svara

3 ¹ / ₂ %	225,000 kr.
en 4%	90,000 —

Við 3. Bankavaxtabryf viðlagasjóðs eru í veðbandi fyrir III. fl. veðdeildar Landsbankans.

Við 4. og 5. Í athugasemdunum við fjárlagafrumvarpið 1916 og 1917 við 4. gr. 5. og 6. lið, var gerð itarleg grein fyrir bankavaxtabryfum, sem keypt voru fyrir lánið 1909 og 1912, og skýrt frá, að eftir voru af því í mars 1913 í veðdeildabryfum kr. 1048,200,00
1914, 1915 og 1916 hafa verið dregin út bankavaxtabryf alls ... — 41,900,00
Eftir eru í febr. 1917 kr. 1006,300,00
Þar af eru 242,000 kr. hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannahöfn. Sje svo teknið tillit til þess, sem áætlað er að útdregið verði 1917, kemur hjer um bil út vaxtaáætlunin í fjárlagafrumvarpinu.

Við 6. lið. Þar hefir þótt ástæða til að hækka *vaxtina af innstæðu í bönkum* upp í 5000 kr. vegna þess, að peningaforði landssjóðs er meiri nú, en að undanförunu.

Við 5. gr.

Við 1. lið hefir þótt vera ástæða til að hækka áætlunina lítið eitt, því enn þá árið 1915 hafa *árgjöldin* frá brauðinu numið 2400 króna árlega, og lítil líkindi til að prestaskifti verði á þeim brauðum fyrst um sinn.

Við 2. lið. Þessi liður hefir verið færður niður í 600 kr., því endurgreiðslur skyndilána ná sjaldan 1000 kr. á ári.

Við 3. lið. Aðaltekjugreinin er endurgreiðslur á strandkostnaði. Við árslokin 1915 var allur sá strandkostnaður, sem greiddur hafði verið fyrirfram úr landssjóði endurgoldinn. 1916 og 1917 má búast við, að strönd útlendra skipa verði fátíð, þar sem mjög fá frönsk, ensk og þýsk fiskiskip eru hjer við land.

1918 og líklega 1919 líka, má búast við að miklu færri verði af þeim hjer en áður hefir verið, þar sem botnvörpungum hefir fækkað mjög erlendis við styrjöldina.

Við 6. gr.

Tillagið úr rikissjóði Danmerkur er talið hjer samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871.

II. kafli.

Gjöld:

Við 8. gr.

Vextir og afborganir af lánnum landssjóðs 1918 og 1919 sundurliðast þannig:

1. Lánað úr rikissjóði, 500,000 kr. til simalagningar með 4% vöxtum. Afborgist á 15 árum.

Af láninu, sem verður 1. jan. 1918	kr. 233,333,33
greiðast 1918 vextir kr. 9,000,00	afborgun	kr. 33,333,33			
— 1919	—	7,666,67	—	33,333,34	— 66,666,67
1918 og 1919 vextir	kr. 16,666,67	afborgun	kr. 66,666,67	eftirst.	kr. 166,666,66

2. Lán hjá dönskum bönkum tekið 1909 að upphæð 1,500,000 kr., til 30 ára til að kaupa III. fl. bankavaxtabrjef Landsbankans. Vextir 4¹/₂%. Lánið verður 1. jan. 1918 kr. 1,075,000,00

Af láninu greiðast:

1918 vextir	kr. 47,812,50	afborgun	kr. 50,000,00		
1919	—	45,562,50	—	50,000,00	— 100,000,00
Vextir	kr. 93,375,00	afborgun	kr. 100,000,00.	Eftirstöðvar	kr. 975,000,00

3. Lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni að upphæð 250,000 kr., tekið 1912 til 30 ára, til að kaupa III. fl. bankavaxtabrjef Landsbankans. Vextir 4¹/₂%. Lánið verður 1. jan. 1918 kr. 212,500,00

1918	vextir	kr. 9,468,75	afborgun	kr. 8,333,34	
1919	—	9,093.75	—	8,333,33	— 16,666,67
1918 og 1919	—	18,562,50	afborgun	kr. 16,666,67; eftirst.	kr. 195,833,33

4. Lán tekið 1912 hjá dönskum bönkum til 15 ára með 4¹/₂% vöxtum að upphæð 500,000 kr. Verður 1. jan. 1918 kr. 333,333,33

1918	vextir	kr. 15,000,00	afborgun	kr. 33,333,33	
1919	—	13,500,00	—	33,333,34	— 66,666,67
1918 og 1919 vextir	kr. 28,500,00	afborgun	kr. 66,666,67; eftirst.	kr. 266,666,66	

5. Ritsimalánið 1913 verður 1. jan. 1918 komið niður í ... kr. 465,210,35

Það greiðist þannig:

1918 vextir	kr. 20,826,45	afborgun	kr. 9,708,89		
1919	—	20,582,44	—	9,952,90	— 19,661,79
Alls:	kr. 41,408,89	afborgun	kr. 19,661,79; eftirstöðvar	kr. 445,548,56	

6. Lán til ritsímalagninga tekið $\frac{30}{10}$ 1916 hjá Landsbankanum, að upphæð 100,000 kr. með bankavöxtum fyrst um sinn 6%, er greiddast eftirá og 25 ára afborgun. Verður 1. jan. 1918		kr. 96,000,00
1918 vextir kr.	5,760,00	afborgun kr.	4,000,00				
1919	—	—	5,520,00	—	—	4,000,00	— 8,000,00
Samtals: kr. 11,280,00 afborgun kr. 8,000,00; eftirstöðvar							kr. 88,000,00

Við 9. gr.

Við A. 1. *Laun ráðherra*. Þessi liður er talinn eftir lögum frá 2. janúar 1917 um breyting á lögum nr. 17, 3. oktbr. 1903 um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands. Eftir sömu lögum falla burtu laun landritara.

Við A. 2. *Til utanferða ráðherra*. Bæði vegna verðhækkunar og vegna þess, að verið getur að fleiri en einn ráðherranna þurfi að fara utan sama árið, er liður þessi hækkaður um 1000 kr.

Við A. 3. *Laun skrifstofustjóra*. Þessi liður er óbreyttur.

Við A. 4. *Aðstoðar- og skrifstofukostnaður*. Þessi liður er hækkaður úr 22,000 kr. upp í 30,000 kr. Gjöldin í þessum lið voru 1915: 23,605 kr., en 1916: um 26,000 kr. auk dýrtíðaruppbótar, en að meðtöldum 436 kr. 40 a. tekjuhalla Lögbirtingablaðsins. Með því að laun og verkkaup hafa alment hækkað mjög, og allur skrifstofukostnaður yfirleitt, en lítil líkindi til að í samt lag komist fyrstu árin, ef nokkurn tíma, þá þykir ekki forsvaranlegt að áætla þennan lið lægri en 30,000 kr.

Við A. 5. *Til landsfjehirðisstarfa*. Þessi liður er hækkaður um 1900 kr., eða úr 5,000 kr. hvort árið upp í 6,900 kr. hvort árið og sundurliðast veitingin þannig:

1. Laun landsfjehirðis	kr. 3,500
Þar af 500 kr. persónuleg launaviðbót.					
2. Kaup tveggja aðstoðarmanna	—	2,000
3. Húsaleiga m. m.	—	600
4. Annar kostnaður, þar í talningarfje 300 kr.	—	800
					kr. 6,900

Þessi fjárveiting er hjer sett eftir tillögum landsbankastjórnarinnar.

Laun landsfjehirðis eru, auk talningarfjár, 3,000 kr. Hann hefir nú sótt um 500 kr. launahækkun, og tekur bankastjórnin það fram, að sanngjarnt sje, að beiðni landsfjehirðis sje tekin til greina, að minsta kosti á þann hátt, að viðbótin sje veitt sem persónuleg launaviðbót. Tekur bankastjórnin það fram, að núverandi landsfjehirðir hafi gegnt starfinu um all-langt skeið með alúð og samviskusemi, að starfið og ábyrgð sú, er því fylgir, aukist árlega, en peningar fallnir í verði. — Þá lætur bankastjórnin þess enn getið, að aðstoðarfje þurfi eðlilega að hækka, með því að starfið aukist árlega og vegna dýrtíðar, sem nú sje og sýnilegt sje að verði næstu ár. Líkt má segja um »annan kostnað«, svo sem ritföng, pappír m. m.

Ráðuneytið hefur fallist á þessar ástæður bankastjórnarinnar.

Við A. 6. Peningaskápar þeir, er landsfjehirðir nú hefur, eru alls ekki nægilega eldtryggir, og þykir því brýn nauðsyn til, að útvega nýja peningaskápa.

Við A. 7. *Viðhald á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum.* Alt viðhald á húsum er nú miklu dýrara en áður, og útlit fyrir, að svo verði fyrstu árin hjer eftir. Það þykir því eigi fært, að áætla þennan lið lægri en 2,000 kr.

Við B-lið.

Hagstofan.

Það hefur þótt rjett, að flytja fjárveitinguna til hagstofunnar undir þessa grein, af því starf hennar er annars sett við hlið starfanna í stjórnarráðinu, og hagstofan stendur beint undir fjármálaráðherra, við hlið fjármáladeildar.

Við B, 1—4. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við B, 5. *Húsaleiga m. m.* er sett 200 kr. hærri, eða úr 800 kr. upp í 1000 kr.

Við B, 6. *Aðstoðar- og skrifstofukostnaður* er færður upp úr 800 kr. upp í 1,800 kr., bæði vegna aukinna starfa og hins vegar aukins alls kostnaðar bæði vegna hækkaðs verkkaups, og pappírs o. s. frv.

Við 10. gr.

Kostnaður við reglulegt alþingi hefur stöðugt farið vaxandi, sjerstaklega síðan æðsta umboðsstjórn landsins settist hjer að. Um sama leyti var og þingmönnum fjölgað. Kostnaður við hin reglulegu alþingi og við yfirskoðun landsreikninganna hefur verið síðan þessi:

Árið 1905	50,600 kr.
— 1907	60,100 —
— 1909	61,500 —
— 1911	74,400 —
— 1913	83,000 —
— 1915	85,300 —

Það þykir ekki rjett að setja þennan kostnað nú lægri en 80,000 kr.

Við 11. gr.

Við A. 1. a. *Til dómara og sýslumanna.* Laun þessi eru talin eins og áður og sundurliðun söm sem fyr, sjá athugasemd við frumvarp til fjárlaganna árið 1906 og 1907 (bls. 35—36) og eru launin talin samkvæmt þeim lögum, sem þar er til vitnað.

Við A. 1. b. *Laun hreppstjóra* eru óbreytt.

Við A. 2. *Ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík* óbreytt.

Við A. 3. *Gjöldin til hegningarhússins í Reykjavík og fangahúsa* utan Reykjavíkur sundurliðast þannig:

a. Laun fangavarðar	kr. 1,430
b. Þóknun dómkirkjuprests	— 100
c. Þóknun lækni	— 60
d. Viðurværi fanga	— 1,225
e. Eldiviður og ljós	— 1,000
f. Verkfæri	— 500
g. Ýmisleg gjöld	— 580
h. Viðhald fangahúsanna	— 300
	kr. 5,195

Þessi liður er óbreyttur. Að vísu má búast við, að sumt af gjöldum þessum verði í reyndinni meiri en hjer er áætlað, en með því að þau eru að miklu komin undir tölu fanga í hegningarhúsinu og hún er óviss, þá þótti ekki ástæða til, að fara fram á hækkun á þessum lið.

Við A. 4. *Til eftirlits vegna bannlaganna.* Þessi liður er nýr. — Það hefur sýnt sig, að framfylgd bannlaganna og eftirliti með því, að þau sjeu eigi brotin, er ábótavant. Þetta getur ekki öðruvísi verið. Í landi þar sem eru tiltölulega mjög fáir fastir lögreglumenn, og þar er tollgæsla er svo ófullkomin, að varla getur tollgæsla heitið, þar er tiltölulega auðvelt, að koma inn í landið og um landið bannvöru, og jafnvel versla með hana. Er hættan á þessu sjerstaklega mikil, er ræða er um aðra eins bannvöru og áfengi. Hjer er því lagt til, að fje verði veitt til sjerstaks eftirlits með bannlögunum. Er haft fyrir augum sumpart, að auðið verði fyrir lögreglumenn, að hafa verði úti í aðkomuskipum, ef þurfa þykir, sumpart að kosta til sjerstakrar gæslu og eftirgrenslunar á landi. Það virðist eftir atvikum varla forsvaranlegt, að setja slík lög, sem umrædd bannlög, eins og hjer háttar til, án þess að gera tryggilegar ráðstafanir til, að þeirra sje gætt.

Við A. 5. *Sakamála- og lögreglumálakostnaður.* Liðurinn er óbreyttur.

Við B. 1. *Til útgáfu Stjórnartíðindanna.* Þessi liður er óbreyttur. Að vísu má búast við, að kostnaður við pappír og prentun aukist nokkuð, sjerstaklega að prentun verði dýrari, en með því að óvíst er samt um þetta, og miklu getur munað á stærð Stjórnartíðindanna, virðist mega standa við áætlunarfjárhæð núgildandi fjárlaga fyrir fjárhagstímabilið, 12,000 kr. Kostnaður við útgáfu tíðindanna hefur verið síðastliðin fimm fjárhagstímabil þessi: 19^{06/07}: 7858 kr.; 19^{08/09}: 8077 kr.; 19^{10/11}: 7016 kr.; 19^{12/13}: 11575 kr.; 19^{14/15}: 12435 kr.

Við B. 2. *Simskeytakostnaður* hækkaður um 2000 kr.

Við B. 3—9. Liðir þessir eru óbreyttir.

Við 12. gr.

Útgjöld við læknaskipunina.

Við 1. *Laun lækna.* Þessi liður er óbreyttur. Um sundurliðunina

vísast til athugasemdanna við fjárlagafrumvörpin fyrir árin 1910—1911, og 1914—1915.

Við 2. *Ritfje handa landlækni.* Landlæknir hefur skýrt frá því, að skrifstofukostnaður landlæknisembættisins, sem hafi verið mjög lítill fyrir aldamótin, hafi aukist mjög síðan og fari stöðugt vaxandi. Hefur landlæknir því farið fram á, að embættinu yrði lagt 1000 kr. ritfje á ári. Ráðuneytinu er kunnugt um, að það er rjett, að skrifstofustörf landlæknisembættisins fara stöðugt vaxandi, eins og yfirleitt öll störf hinna vandameiri embætta hjer á landi, og með því að rjett verður að telja, að skrifstofukostnaður embætta yfirleitt sje greiddur beint af almannaþje en ekki af launum embættismannsins, þá er það lagt til, að umgetið erindi landlæknis sje tekið til greina, enda laun landlæknis ekki of há, þótt ekki sjeu þau skert með því, að taka af þeim skrifstofukostnað.

Við 3—4. lið. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við 5. lið. Styrkur til hreppsþúa í Borgarfjarðarhreppi til þess að vitja læknis fellur burtu, sökum þess að nú er kominn læknir í Hróarstunguhjerað. Í þess stað er lagt til að komi *styrkur til hreppsþúa í Kjósarhreppi.* Læknir þeirra situr í Hafnarfirði, og er einatt örðugt fyrir þá að ná til hans. Hægra er fyrir Kjósarþúa eftir öllum atvikum að ná til læknis í Reykjavík, og þangað sækja þeir einatt lækni, en þetta verður þeim dýrara en ella vegna þess, að læknarnir í Reykjavík eru ekki yfirleitt bundnir við ákveðið dagkaup eða ákveðna borgun fyrir verk sín. Af þessum ástæðum virðist ekki síður rjett að veita íþúum Kjósarhrepps styrk til að vitja læknis, en öðrum, sem slíks styrks eru aðnjótandi.

Við 6.—9. lið. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við 10. lið. *Holdsvaikraspítalinn.* Um einstaka liði skal tekið fram:

Við 1. *Laun.* Þessi liður er hækkaður um 500 kr., og er það sist of mikil hækkun, er litið er til hinnar afar miklu hækkunar á kaupi yfirleitt og svo að við bætist þóknun til organista við guðsþjónustugjörðir.

Við 2. *Viðurværi* er eftir áætlun spítalalæknisins talið 72 a. á dag fyrir 74 manns. Fæðið reyndist árið 1915 70 a. á dag fyrir manninn. Liðurinn hækkar þannig um 2500 kr.

Við 3. *Klæðnaður.* Þessi liður er hækkaður um 200 kr., með því að alskonar klæðnaður hefir stigið mjög í verði, og ekki að búast við að lækki aftur að mun.

Við 4. *Meðul og sáraumbúðtr.* Þessi liður er látinn halda sjer

Við 5. *Eldsneyti.* Vegna þess að miðstöðvarhitun hefir verið sett í hælið verður þessi liður að hækka og einnig vegna hækkunar á kolaverðinu. Liðurinn er færður úr, 4000 kr. uppi 7500 kr.

Við 6. *Ljósmeti*. Liðurinn er hækkaður úr 600 kr. uppí 1000 kr. vegna verðhækkunnar á steinolíu.

Við 7. *Húsbúnaður og áhöld*. Þessi liður er látinn halda sjer.

Við 8. *Viðhald á húsum*. Þessi liður er hækkaður fyrra árið um 1300 kr., en hið síðara um 100 kr. Fyrra árið þarf að mála hælið að utan. Áður hafa verið ætlaðar til þess 1000 kr., nú mun varla veita af 1300 kr.

Við 9. *Þvottur og ræsting*. Þessi liður er hækkaður eftir tillögu læknis um 100 kr.

Við 10. Þessi liður er látinn halda sjer.

Við 11. Þessi liður er hækkaður um 100 kr.

Við 12.—13. Liðirnir óbreyttir.

Við 11. lið. *Til undirbúnings landsspítalabygginga*. Háskólaráðið hefir að ráði læknadeildar lagt það til, að tekin væri upp fjárveiting í þessu skyni. Ráðuneytið er því máli sinnandi og telur nauðsynlegt og sjálfsagt, að undinn sje bráður bugur að því, að koma upp sjúkrahúsi fyrir alt landið. En það þarf rækilegan undirbúning, og er því farið fram á fjárveiting nú þegar. Haft er fyrir augum að byrjað sje á því að rannsaka, hvar mundi hæfilegastur staður fyrir sjúkrahúsið, og þareftir gjörðar lauslegar áætlanir og teikningar fyrir það. Er lagt til að veittar sjeu 5000 kr. fyrra árið í þessu skyni.

Við 12. lið. *Gedveikrahælið á Kleppi*.

Við A. *Laun læknis*. Gedveikralæknirinn, sem nú hefir þjónað embættinu í 10 ár, hefir sótt um launaviðbót þannig að launin sjeu færð uppí 4000 kr. Starf hans er afar erfilt og vandasamt þegar litið er til þess, að hann er ekki einungis læknir hælising, heldur hefir og alla bústjórn þess á hendi. Launin hafa verið lág, síðari árin 2700 kr. um árið, og bygt þá á því, að hann hefði einhverjar aukatekjur. Hann mun og í fyrstu hafa haft einhverjar aukatekjur, en nú eru þær engar eða sama sem engar orðnar, eftir skýrslu hans, vegna þess að störf hans fyrir hælið taka allan tíma hans. Ráðuneytið leggur því til að hann fái 3600 kr. að launum, með sjerstöku tilliti til þess að hann hefir ekki eftirlaunarett.

Við B 1. *Kaup starfsmanna* er fært upp um 550 kr. vegna hækkunar verkkaups yfirleitt.

Við B 2. *Viðurværi* er hjer sett eins og við holdsveikrahælið 72 aurar um daginn fyrir mann, og þá fært úr 60 a. uppí 72 a.

Við B 3. *Klæðnaður sjúklinga*. Kostnaðurinn er hjer talinn 38 kr. fyrir sjúkling í stað 30 kr. vegna verðhækkunar á öllu sem til klæðnaðar þarf.

Við B 4. *Meðul og umbúðir*. Þessi liður er hækkaður lítið eitt (um 60 kr.)

Við B 5. *Ljós og hiti*. Þessi liður er áætlaður eftir sama mælikvarða eins og samskonar gjöld við holdsveikrahælið.

Við B 6. *Viðhald og áhöld*. Það eru mjög mikil áraskifti að því, hvað úr sjer gengur, sjerstaklega af húsbúnaði og áhöldum, sjúklingarnir ónýta þetta mjög misjafnt. Geðveikralæknirinn skýrir frá, að nú vanti ýmislegt, sem örðugt sje að fá, og að búast megi við, að kostnaðurinn á þessum lið verði meiri næstu árin en áður. Því er lagt til að þessi liður verði hækkaður um 1000 kr. hvort árið.

Við B 7. *Þvottur og ræsting*. Þessi liður er óbreyttur.

Við B. 8. *Skemtanir*. Þessi liður er hækkaður úr 350 kr. uppí 550 kr. eftir tillögum geðveikralæknis.

Við B. 9. *Skattar m. m.* Þessi liður er aftur lækkaður um 200 kr.

Við B. 10. *Óviss útgjöld*. Liðurinn er óbreyttur.

Við 13. lið. *Heilsuhælið á Vífilsstöðum*. Samkvæmt ákvæði Alþingis 1915, hefir landstjórnin nú tekið við af heilsuhælisfjelaginu rekstri og umsjón heilsuhælisins á Vífilsstöðum. Hjer eru því sundurgreind gjöld þess og tekjur á líkan hátt eins og hinna tveggja hælanna.

Við A. *Laun læknis*. Eftir ráðningarsamningi læknisins eiga launin fyrir árin 1918 og 1919 að vera 3800 kr. um árið

Við B. Önnur gjöld hælisins eru sett eftir áætlun læknisins, nema viðurværi og ljós og hiti. Það er sett allmiklu lægra, en áætlun hans. Um það hver reyndin verður er auðvitað ómögulegt að segja, en vonandi verða þessi gjöld allmiklu lægri árin 1918 og 1919 en nú.

Við 14. a. lið. *Styrkur til sjúkrahúsa eða sjúkraskýla*. Landlæknir leggur til að þessi styrkur sje hækkaður úr 4200 kr. uppí 8000 kr. vegna verðfalls peninga. Þótt líklegt megi telja, að peningaverð verði ekki eins lágt árin 1918 og 1919 eins og nú, þá má búast við, að það verði miklu lægra en gjört var ráð fyrir, er núverandi fjárlög voru samin og samþykkt. Hjer er því lagt til að styrkurinn verði 5000 kr. hvort árið. Vegna verðfalls peninga þykir þá og rjett að ráði landlæknis, að fella burtu úr skilyrðunum fyrir veitingu styrksins. »Þó eigi meira en 30 aura fyrir hvern legudag«.

Við 14. b. *Styrkur til að koma upp sjúkraskýlum*. Landlæknir leggur til að liður þessi verði hækkaður úr 3000 kr. uppí 15000 kr. hvort árið. Bendir landlæknir á það, að það sje mjög mikil áraskifti að eftirspurninni eftir þessu styrktarfe, sum árin kunni það að liggja ónotað. Svo geti komið fyrir, að 2 eða 3 hjeruð taki sig til i senn að koma upp sjúkraskýli og þá hrökkvi fjeð ekki til,

ef svo lítið er veitt sem nú er. Ráðuneytinu þykir nauðsyn til bera, að landsjóður hlaupi undir bagga með hjeruðunum til að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, en með því að líklegt er, að fremur lítið verði um þessar framkvæmdir á næsta fjárhagstimabili, hefir ekki þótt ástæða til að leggja til um hækkun á þessum lið. Á hinn bóginn mun ráðuneytið taka það til athugunar, að leita samþykkis Alþingis til að koma því svo fyrir, að hjeruðin gætu jafnan bygt á því að fá styrk úr landsjóði eftir sömu reglum til hæfilegra sjúkraskýla, þótt ekki væri beint fjárveiting fyrir hendi á því ári, er bygt er.

Við 14. c—e. Liðir þessir eru óbreyttir

Við 14. f. *Styrkur til utanfara hjeraðslækna.* Landlæknir telur styrk þennan hafa komið að ágætum notum, og hafi hjeraðslæknar haft stórgagn af þeim ferðum, aukist þekking, áhugi og áræði við læknisverk. Telur landlæknir þessar utanferðir blátt áfram brýna nauðsyn fyrir lækna, sem sitja í litlum hjeruðum.

Með tilliti til þessa og svo af hinu, að talsverð áraskifti sje að eftirspurninni, leggur landlæknir til að styrkur þessi sje hækkaður úr 1500 kr. uppí 3000 kr. Ráðuneytið er landlækni samdóma um, að umræddar utanfarir sjeu mjög þarflegar, en telur nóg að veittar sjeu 2500 kr. hvort árið.

Við 14. g. *Styrkur til sjúkrasamlaga.* Þessi styrkur verður að hækka að miklum mun. Hann nam árið 1916 hátt á þriðja þúsund króna. Þessi aukning styrksins, kemur bæði af hækkun landsjóðstillagsins samkvæmt lögum nr. 35 frá 3. nóvbr. 1915 og af fjölgun fjelagsmanna, er tryggja sig í sjúkrasamlögunum. Fjelagsmönnum fer nú óðum fjölgandi, svo að ekki hefir þótt óhætt, að áætla þennan lið lægri en 4000 kr. hvort árið,

Við 14. h. *Styrkur handa sjúklingum með hörundsberkla.* Liður þessi er færður upp um 500 kr. eftir tillögu landlæknis.

Við 13. gr.

A.

Póstmál.

Við 1. a. *Laun póstmeistara.* Liðurinn er óbreyttur.

Við 1. b. 1. *Laun póstafréiðslumanna.* Póstmeistari leggur til að laun hinna þriggja elstu póstafréiðslumanna sjeu ákveðin 3000 krónur á ári. með því þessir menn hafi nú starfað við pósthúsið síðan um aldamót. Laun hins elsta póstafréiðslumanns eru nú 2400 kr., og laun hinna tveggja 2000 kr. á ári. Lagt er hjer til að laun Þorleifs Jónssonar, sem er elstur póstafréiðslumaðurinn, sjeu hækkuð uppí 2800 kr., en laun hinna tveggja Páls Steingrímssonar og Óla P. Blöndal uppí 2400 kr. á ári.

Þá leggur póstmeistari til að laun hinna yngstu tveggja póstafréiðslumanna sjeu hækkuð. Laun Friðriks Klemenssonar úr 1500 kr. uppí 1750 kr. fyrra

árið og 2000 kr. síðara árið, og laun Kristjáns T. Þórðarsonar úr 1200 kr. uppí 1500 kr. fyrra árið og 1750 kr. síðara árið. Lagt er hjer til að laun hins fyrnefnda verði 1800 kr. á ári, og hins síðarnefnda 1400 kr.

Það mun mega telja óráðlegt að setja þessi laun lægri, ef pósthúsið á að geta haldið þessum mönnum.

Við 1. b. 2. *Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur.*

Póstmeistari leggur til að þessi liður sje hækkaður að miklum mun; sjer ráðuneytið sjer ekki fært að hrófla við þeirri tillögu póstmeistara.

Við 1. c. *Brjefhirðingamenn.* Liður þessi hækkar um 380 kr. uppí 9000 kr., samkvæmt tillögu póstmeistara.

Við 2. *Póstflutningur.* Póstmeistari hefir lagt til, að þessi liður sje hækkaður úr 68 þús. kr. uppí 80 þús. krónur. Ráðuneytið hefir ekki sjeð sjer fært að lækka þessa upphæð, með því alveg er ósjeð hvaða kröfur póstar kunna að gera til launa næstu árin.

Flutningskostnaðurinn út af fyrir sig, hefir hækkað mjög mikið síðustu árin, hestaleigan, fóður þeirra, og allur greiði á ferðunum, og alls ekki víst að þesskonar lækki í nánustu framtíð.

Það virðist og eðlilegra, að samið sje við póstana um flutning póstsins eftir hendinni, en að þeim sje veitt dýrtíðaruppbót, þar sem þeir og eigi geta talist fastir starfsmenn landsins.

Við 3. *Annar kostnaður.*

Við a. Lagt er til að liður þessi sje talinn 7000 kr., en að nýjum b lið sje viðbætt, sem heiti:

Skrifföng m. m. 1000 kr.

hefir póstmeistari farið fram á nokkuð hærri upphæð í þessu skyni, en ráðuneytið væntir að þessi upphæð nægi.

Við c. *Skrifstofukostnaður.* Lagt er hjer til að hann sje hækkaður um $\frac{1}{4}$ hluta eða uppí 4000 kr.; sjer ráðuneytið sjer ekki fær að hækka þennan lið meira að þessu sinni.

Við d. *Húsaleiga á stærri póstafrgreiðslum utan Reykjavíkur.* Lið þennan leggur ráðuneytið til að hækka úr 2,500 kr. uppí 3,500 kr.. en treystir sjer ekki til að mæla með því, að svo mikið fje sje veitt í þessu skyni, eins og póstmeistari leggur til.

Við e. *Önnur útgjöld.* Póstmeistari leggur til að á þessum lið sjeu veittar 16000 kr. hvort árið. Með því undir þennan lið falla ýmsar vörur, sem væntalega verða í nokkru lægra verði, en þær hafa verið áætlaðar, svo sem kol, ljósmeti, pappír, prentun o. fl., þá leggur ráðuneytið til að veittar sjeu 15000 þús. kr. hvort árið á þessum lið.

B.

Vegabætur.

Við I. 1. a. Sú breyting er á orðin, að landsverkfræðingur Jón Þorláksson hefir sagt starfi sínu lausu, en aðstoðarverkfræðingur hans, hr. Geir G. Zoëga, hefir tekið við hans embætti. Enn er enginn aðstoðarverkfræðingur kominn í hans stað.

Enn fremur hefir sá verkfræðingurinn, sem sjerstaklega hefir haft á hendi rannsókn á vatnsáveitum, höfnum og þess háttar, sagt starfi sínu lausu, og gengið í annara þjónustu fyrir hærri laun.

Alt starfið hvílir því eins og stendur á einum verkfræðing.

Von er um að geta fengið 1. aðstoðarverkfræðing síðar og býst landsverkfræðingurinn við, að á meðan störfin aukast ekki að mun, þá muni þeir tveir geta komist yfir verkfræðingsstörfin, einkum ef þeim er veitt næg skrifstofuaðstoð. En auðvitað hvílir þá starfið þyngra á þeim tveimur, en þremur að undanfögnu.

Landsverkfræðingurinn fer því fram á í notum þessa, að hann fái að njóta þeirra launa fullra, er fyrri landsverkfræðingur hafði, 4000 kr. Og með því þessi verkfræðingur hefir nú verið 8 ár í þjónustu landsins, og að talsvert sparast við það, ef að eins 2 verkfræðingar geta nægt til þess að framkvæma þau störf, er fyrst um sinn þarf að framkvæma, þá leggur ráðuneytið til, að landsverkfræðingnum verði veitt þessi laun.

Við I. 1. b. Liðurinn er óbreyttur.

Við I. 2. Liðurinn er óbreyttur.

Við I. 3. Lagt er til að veittar verði 1500 kr. hvort árið til skrifstofuhalds landsverkfræðingsins af ástæðum þeim, sem taldar eru undir I. 1. a.

Við I. 4. Liðurinn er óbreyttur.

Við II. Flutningabrautir.

Við II. 1. *Húnvelningabraut.* Liður þessi er settur nokkru lægri en fráfarandi landsverkfræðingur lagði til, er það gjört meðfram af því, hvað mikið þarf að leggja til viðhalds flutningabrauta og nýrra áhalda samkvæmt lið II. 5.

Við II. 2. *Skagfirðingabraut.* Lagt er til að sú upphæð verði veitt á þessum lið, sem verkfræðingurinn hafði lagt til, því eigi borgar sig að senda fólk og áhöld til slíkrar vinnu, ef minna fje er veitt í senn, enn sem svarar 10,000 kr.

Við II. 3. *Grímsnesbraut.* Af sömu ástæðum, sem undir II. 1, er lagt til að veittar verði 10 þús. kr. hvort árið í staðinn fyrir 15 þús. kr., eins og landsverkfræðingurinn hafði lagt til.

Við II. 4. *Suðurlandsbraut.* Lagt er til að sú upphæð sje veitt, sem landsverkfræðingurinn hefir áætlað.

Við II. 5. *Viðhald flutningabrauta*. Núverandi verkfræðingur leggur til, að þessi liður verði 20 þús. kr. fyrra árið en 14 þús. kr. síðara árið í staðinn fyrir 11,000 kr. hvort árið.

Hækkunin fyrra árið stafar af því, að verkfræðingurinn telur nauðsynlegt að fá *grjótmulningsvjel og vegvaltara* til þess að geta mulið grjót ofan í fjölförnustu vegina, og til þess að geta bælt ofaniburðinn nægilega áður en vindur og vatn nær að eyða honum. Ráðuneytið felst á að slík áhöld sjeu nauðsynleg, og að eigi verði hjá því komist lengur að mylja grjót ofan í fjölförnustu vegina. Það muni borga sig best er til lengdar lætur, þó slík vegalagning sje nokkru dýrari í upphafi.

Við III. *Þjóðvegir*.

Við III. 1. *Stgkkishólmsvegur*. Lagt er til að veittar sjeu 8 þús. kr. hvort árið til þessa vegar samkvæmt tillögum landsverkfræðingsins.

Við III. 2. *Vegurinn frá Gljúfurá upp Norðurárdal*. Lagt er til að 10 þús. kr. sjeu veittar hvort árið til þessa vegar samkvæmt tillögu landsverkfræðings.

Við III. 3. *Langadalsvegur*. Landsverkfræðingurinn hefir lagt til að veittar verði 8 þús. kr. hvort árið til þessa vegar. En með því nokkurt fje var veitt til þessa vegar á síðasta þingi, aukþinginu, mun væntanlega nægja að veita til hans 8 þús. kr. fyrra árið.

Við III. 4. *Brú á Eyjafjarðará*. Það hefir lengi staðið til að brúa þessa á og verður að telja það fulla nauðsyn, þar sem svo mikil umferð er yfir hana. Ráðuneytið felst því á að hyggja þessa brú á næstu tveim árum, ef eigi verða of miklir örðugleikar á því vegna dýrleika efnisins.

Liðirnir III. 5 og 6 eru óbreyttir, (endurveiting).

Við III. 7. *Hróarstunguvegur*. Landsverkfræðingurinn hefir lagt til að 8 þús. kr. sjeu veittar hvort árið til þessa vegar og felst ráðuneytið á þá tillögu.

Við III. 8. *Aðrar vegabætur og viðhald*. Liðurinn er óbreyttur.

Við IV. og V. Liðirnir eru óbreyttir.

Við VI. *Tillög til akfærra sjúsluvega*. Liðurinn er óbreyttur.

Við VII. og VIII. Liðirnir eru óbreyttir.

Við C.

Til samgangna á sjó.

Við I. og II. Liðirnir eru óbreyttir.

Við III. *Til bátiferða á flóum, fjörðum og vötnum.* Ráðuneytið hefir ekki sjeð sjer fært að gera neinar nýjar tillögur um flóabátaferðir, á meðan engin vissa er fyrir hvernig mögulegt verður að koma samgöngum á sjó fyrir á næsta eða næstu árum. Hjer er þó lagt til að liðurinn III. 5. a. hækki uppi 10,000 kr. á ári með því fullvist er um, að flóabátur sá, sem ganga á milli Vestmannaeyja, Víkur og Eyrarbakka verði fullgjörður á þessu ári.

Að öðru leyti eru allir liðirnir undir C óbreyttir.

Við D.

Hraðskeyta- og talsímasamband.

Við I. Liðurinn er óbreyttur.

Við II. *Til rannsóknar símaleiða.* Landssímastjóri hefir lagt til, að á þessum lið verði veittar 10,000 kr. á ári. Þar sem símastjóri hefir eigi bent á neinar sjerstakar leiðir, er rannsaka þurfi, leggur ráðuneytið til að sama upphæð verði látin nægja í þessu skyni, og ákveðin er á síðustu fjárlögum.

Við III. *Til byggingar nýrra lina.* Landsímastjórinn leggur til að lagður sje sími fyrri árið frá Akureyri um Svalbarðseyri til Grenivíkur, er hann áætla að kosta muni 30,000 krónur, en að frádrögnum tillagi frá hjeraðinu 25.500 kr. Og enn fremur leggur símastjóri til að sími verði lagður frá Egilsstöðum til Borgarfjarðar síðara árið, er hann áætla 50 þús. kr., en að frádrögnum tillaginu frá hjeraðinu 45,000 kr.

Ráðuneytið felst á, að þessir símar sjeu lagðir, ef fje verður fyrir hendi, og að efni til þeirra eigi verður óhæfilega dýrt.

Enn fremur leggur símastjóri til að reistar verði 4 loftskæptastöðvar utan Reykjavíkur, og að ein þeirra verði reist á þessu fjárhagstímabili, og fje til þess veitt á fjárlögum.

Með því eigi er gert ráð fyrir þessum stöðvum í símalögnum, telur ráðuneytið rjettara að sjerstök lög heimili stofnun þessara stöðva.

Við IV. *Starfræksla landsímanna.*

Við IV. 1. *Laun landsímastjóra* ásamt launaviðbót fyrir sjálfan hann er talin samkvæmt lögum nr. 31. 10. nóv. 1907.

Við IV. 2. *Laun símaverkfræðings.* Landsímastjóri hefir lagt til að laun þessi sjeu hækkuð úr 2,800 kr. upp í 3,200 kr. og leggur ráðuneytið til, að sú tillaga verði tekin til greina.

Við IV. 3. Þá leggur símastjóri til að liðurinn »aðstoð og annar kostnaður« verði hækkaður um helming. Færir hann þær ástæður fyrir því, að laun starfsmanna, sem eru nú lág, verði að hækka, og að bæta verði við fólki á skrifuna, eftir því sem viðskiftin aukast.

Ráðuneytið sjer að þörf muni vera á þessari hækkun og leggur því til að þessi tillaga símastjórans verði tekin til greina.

Við IV. 4. *Ritsmastöðin í Reykjavík*. Útgjöldin sundurliðast þannig:

	1918—1919
1. Laun stöðvarstjóra	2,800— 2,800
2. Aðstoð stöðvarstjóra	1,800— 2,000
3. Laun símritara	8,400— 8,400
4. Laun símameyja	8,000— 8,000
5. Sendisveinar	3,000— 3,000
6. Aukþjónusta	1,000— 1,000
7. Viðhald húsakynna og laun dyravarðar ...	4,400— 4,400
8. Ýms útgjöld	600— 600
	30,000—30,200

Hækkunin á þessum lið frá síðustu fjárlögum, er aðallega fólgin í því:

1. Að laun stöðvarstjóra eru hækkuð um 200 kr. hvort árið.
2. Að laun aðstoðarmanna fara hækkanði, og búist er við að þurfi að bæta við manni á skrifstofuna. Sá liður hækkar því úr 2000 kr. upp í 4000 kr. á ári og hefir símastjóri fært rök fyrir því, að hækkunar þessarar sje þörf.
3. Að liðurinn, laun símritara er hækkaður úr 7,600 kr. upp í 8,400 kr. vegna aukinna starfa.
4. Þessi liður er og hækkaður úr 5,620 kr. upp í 8,000 kr. vegna aukinna starfa og fjölgunar símameyja.
5. Þessi liður er hækkaður úr 2,400 kr. upp í 3,000 kr. hvort árið, vegna aukinna starfa landssímans.
6. Aukþjónustan hækkar sömuleiðis úr 500 kr. upp í 1,000 kr. á ári af sömu ástæðum.
7. *Viðhald húsa, eldiviður, ljós, ræsting og dyravörðnr.* Liður þessi er hækkaður úr 2,500 kr. upp í 4,400 kr. Þar af hefir dyravörður í laun 500 kr. á ári.

Vera má að lið þennan mætti eitthvað lækka, en ráðuneytið hefir þó ekki sjeð beina áætæðu til þess, enda örðugra að áætla hvað gengur til hita og ljóss, þar sem síminn hefir hvortveggja í samlögum við pósthúsið.

8. Ýmisleg útgjöld eru hækkuð úr 500 kr. upp í 600 kr.

Við IV. 5. *Þráðlausa stöðin í Reykjavík*. Þessi liður er nýr, og sundurliðast hann þannig:

a. Laun stöðvarstjóra	2,000 kr.
b. Aðstoð alt að... ..	3,800 —
c. Olía	1,000 —
d. Viðhald húsakynna o. fl.	1,000 —
e. Ýmisleg útgjöld	600 —
	fyrra árið 8,400 kr.

en 8,800 krónur síðara árið.

Vtð IV. 6. Liður þessi er sömuleiðis nýr. Skýrir landsímastjóri frá, að alveg sje nauðsynlegt að hafa nú orðið sjerstakan mann til þess að hafa alla umsjón með öllum áhöldum landsímans, svo sem fyrirliggjandi efni til landsímalagningar, efni til viðgjörðar símanna, efni til endurnýjunarstöðva o. fl. Segir

hann að þetta eftirlit hafi hvílt á binum og þessum starfsmönnum símans, sem sje mjög óheppilegt.

Ráðuneytið felst á, að þetta eftirlit sje nauðsynlegt, og að slík umhirða og eftirlit geti ekki verið í fullu lagi, nema að einum manni sje að að ganga, sem beri ábyrgð á að öllu sje til skila haldið, og að alt sje í reglu.

Laun þessa starfsmanns ætlast símastjóri til að sje 1800 krónur á ári.

Við IV. 7. *Rístmastöðin á Akureyri.*

Þau gjöld sundurliðast þannig:	1918	1919
1. Laun stöðvarstjóra	2400 —	2400
2. Laun símrítara	2400 —	2400
3. Laun símameyja	4320 —	4320
4. Aukaþjónusta	500 —	500
5. Sendisveinn	500 —	500
6. Viðhald húsakynna, eldiviður, ljós og ræsting	8000 —	1200
7. Ýms útgjöld	400 —	400
	<u>18,520</u> —	<u>11,720</u>

Hækkunin á þessum lið frá síðustu fjárlögum er einkum fölginn í þessu:

1. að laun stöðvarstjóra eru hækkuð um 400 kr. á ári.
2. að gert er ráð fyrir 2 símríturum og einnig fleiri talsímameyjum, er síminn til Grenivíkur er lagður.
3. Laun aukaþjóns og sendisveins eru hækkað um 100 kr. til hvors á ári.
4. að gert er ráð fyrir að fyrra árið sje bygð nauðsynleg útbygging við síma-stöðvarhúsið, sem áætlað er að kosta muni 7000 kr.
5. að ýms útgjöld eru hækkuð um 200 kr. á ári.

Við IV. 8. *Símastöðin á Seyðisfirði.*

Þau gjöld sundurliðast þannig:	1918	1919
1. Laun stöðvarstjóra	2770 —	2770
2. Laun aðstoðarmanns	2000 —	2000
3. Laun símrítara	4800 —	4800
4. Laun símameyja	2880 —	2880
5. Auka þjónusta	500 —	500
6. Sendisveinn	500 —	500
7. Húsaleiga o. fl.	380 —	380
8. Ýms útgjöld	400 —	400
	<u>14,230</u> —	<u>14,230</u>

Sú breyting er á þessum lið frá síðustu fjárlögum:

1. að símastjóri leggur til að bætt sje við einum manni á símastöðina, sem sje nokkurskonar fulltrúi stöðvarstjórans, með því störf stöðvarstjóra hafi aukist svo mjög.
2. að laun símrítara lækka um 800 kr. á ári, en
3. að laun símameyja, hækka um helming, vegna þess að yngri menn taka við stöðum eldri manna.

Við IV. 9. *Ritsímastöðin á Ísafirði.*

Þau gjöld sundurliðast þannig:	1918	1919
1. Laun stöðvarstjóra	2400	— 2400
2. Laun símrítara	1200	— 1200
3. Laun símameyja	2160	— 2160
4. Auka þjónusta	400	— 400
5. Sendisveinn	400	— 400
6. Húsaleiga o. fl.	1200	— 1200
7. Ýmisleg útgjöld	400	— 400
	<u>8,160</u>	<u>— 8,160</u>

Sú breyting er á þessum lið frá síðustu fjárlögum:

1. að laun stöðvarstjóra eru hækkuð úr 2000 kr. upp 2400 kr. um árið.
2. að bætt er við nýjum símrítara með 1200 kr. árslaunum.
3. að bætt er við símamey með 540 kr. launum.
4. að húsaleiga, eldiviður og ljós er hækkað um 360 kr. á ári.

Við IV. 10 *Ritsímastöðin á Borðeyri.*

Þau gjöld sundurliðast þannig:	1818	1919
1. Laun stöðvarstjóra	2400	— 2400
2. Laun símameyja	1440	— 1440
3. Auka þjónusta	200	— 200
4. Húsaleiga o. fl.	800	— 800
5. Ýmisleg útgjöld	200	— 200
	<u>5040</u>	<u>— 5040</u>

Hækkun á þessum lið er fölginn í því:

1. að laun stöðvarstjóra eru hækkuð úr 2000 kr. upp í 2400 kr. hvort árið.
2. að bætt er við einni símamey.
3. að húsaleiga, eldiviður og ljós er nú áætlað 200 kr. hærra á ári og
4. að ýmisleg útgjöld hafa verið færð upp um 100 kr.

Við IV. 11. *Símastöðin í Hafnarfirði.* Liður þessi er hækkaður úr 1500 kr. upp í 2000 krónur, samkvæmt samningi er borgun sú greidd fyrir alla starfræksluna, húsnaði, hita og ljós.

Við IV. 12. *Símastöðin í Vestmannaeyjum.* Samkvæmt núgildandi fjárlögum var sú fjárveiting 2400 kr. fyrra árið en 2600 kr. síðara árið. Nú leggur símastjóri til, að upphæðin sje 2500 kr. hvort árið samkvæmt samningi.

Við IV. 13. *Útgjöld við aðrar talsímastöðvar.* Liður þessi er hækkaður úr 6500 kr. upp í 12000 kr. um árið. Hækkun sú stafar af því, að eldri reksturssamningar ganga úr gildi og nýir dýrari samningar koma í hinna stað. Sumstaðar er starfstíminn lengdur, sem gerir afgreiðsluna dýrari á þeim stöðum o. s. frv.

Við V. *Eyðublöð, prentkostnaður o. fl.* Landsímastjóri leggur til að þessi

liður sje færður upp í 20 þús. krónur á ári, og skýrir frá að eytt hafi verið á þessum lið 16000 kr. árið 1916.

Væntanlega verður pappír og prentun orðin að mun ódýrari á næsta fjárhagstímabili, og leggur ráðuneytið því til að veittar verði 15000 kr. hvort árið á þessum lið.

Við VI. Landsímastjóri leggur til að liðurinn til viðbótar og viðhalds stöðvanna sje hækkaður úr 1500 kr. upp í 5000 kr. á ári. Skýrir símastjóri frá, að eftir því sem stöðvum fjölgi og eldri áhöld verði að endurnýjast, verði liður þessi að hækka, og telur hann því þessa fjárveiting nauðsynlega. Árið 1915 nam þessi kostnaður um 1900 kr. og árið 1916 nam hann 3500 kr. og ætti þá að nægja að áætla hann 3000 kr. á ári næstu 2 árin.

Við VII. *Til ferðakostnaðar.* Liður þessi leggur símastjóri til að hækkaður sje úr 2000 kr. upp í 3500 kr. með því öll ferðalög sjeu nú dýrari en áður, bæði á sjó og landi.

Við VIII. *Viðhald simanna.* Landsímastjóri leggur til að liður þessi sje hækkaður úr 15000 kr. á ári upp í 25000, og færir fyrir því þær ástæður, að bæði fjölgi símum árlega, og að elstu línurnar þurfi nú meiri viðgerðar við en fyrstu árin. Skýrir símastjóri frá að til slíks viðhalds hafi verið eytt árið 1915 16000 kr., en árið 1916 nálægt 26000 kr., með ferð s/s »Geir« til Færeyja.

Við IX. Liður þessi er óbreyttur.

E.

Vitamál.

Við I. a. *Laun umsjónarmanns* eru hækkuð úr 3700 kr. uppí 4000 kr. Vitamálastjórinn hefir farið fram á miklu viðtækari launahækkun, og að gera starfið að konunglegu embætti, en ráðuneytið hefir eigi sjeð fjer fært að taka beiðni hans frekar til greina en hjer er gert.

Við I. b. *Laun aðstoðarmanns* eru óbreytt.

Við I. c. *Til skrifstofuhalds.* Liður þessi er færður uppúr 500 kr. í 700 kr. á ári.

Við I. d. *Ferðakostnaður.* Liður þessi er færður uppúr 1000 í 1500 kr. á ári, því vitanlega er dýrara að ferðast nú orðið en áður.

Við II. *Laun vitavarða* og III. *Reksturskostnaður.* Ráðuneytið verður en að vera á þeirri skoðun, að alveg sje óþarft að sundurliða þessa liði í fjárlögnum sjálfum, og að það nægi í þessu tilfelli eins og svo mörgum öðrum tilfellum í fjárlögnum, að sundurliða kostnaðinn greinilega í athugasemduum.

Liðir þessir sundurliðast því þannig:

Laun og reksturskostnaður vilanna:

	Laun		Rekstur	
	1918	1919	1918	1919
1. Akranesviti	150	150	300	300
2. Malarrítviti	150	150	400	400
3. Svörtuloftaviti	300	300	600	600
4. Öndverðarnesviti	100	100		
5. Elliðaeyjarviti	400	400	600	600
6. Bjargtangaviti... ..	200	200	300	300
7. Galtarviti... ..	100	100	300	300
8. Arnarnesviti	500	500	400	400
9. Straumnesviti... ..	300	300	500	500
10. Malarhornsviti	100	100	200	200
11. Grímseyjarviti	150	150	300	300
12. Hólmavíkurviti	100	100	150	150
13. Kálfshamarsviti	100	100	200	200
14. Skagatáarviti	150	150	700	700
15. Siglunesviti	900	900	800	800
16. Flateyjarviti	150	150	400	400
17. Rifstangaviti	200	200	350	350
18. Langanesviti	300	300	400	400
19. Bjarnareyjarviti	300	300	400	400
20. Dalatangaviti	1150	1150	2800	2800
21. Vattarnesviti	100	100	200	200
22. Stokknesviti	»	150	»	500
23. Ingólfshöfðaviti	250	250	500	500
24. Dyrhólaviti	250	250	600	600
25. Vestmannaeyjaviti... ..	700	700	900	900
26. Selvogsviti	150	150	400	400
27. Reykjanesviti	1500	1500	2000	2000
28. Garðskagaviti... ..	600	600	900	900
29. Gerðatangaviti	»	100	»	200
30. Gróttuviti	500	500	800	800
31. Styrkur til leiðarljósa:				
a. á Gerðatanga	»	»	100	100
b. á Svartatanga	»	»	100	100
	9850	10100	16600	17300

Launin eru hin sömu og áður, nema við vita nr. 18, Langanesvitann, sem er hækkaður úr 250 kr. uppí 300 kr., nr. 23, Ingólfshöfðavitinn, úr 200 kr. uppí 250 kr. og nr. 24, Dyrhólavitinn, úr 200 kr. uppí 250 kr., allt vegna þess, að hirðing þessara vita er svo erfið. Álitur vitamálastjóri að öll sanngirni mæli með þessari launahækkun.

Einnfremur eru launin við Dalatangavitann áætluð 1150 kr. í staðinn fyrir 600 kr., vegna þokulúðursstöðvarinnar.

Eftir því sem vitamálastjóri skýrir frá, er upphæð þessi ekki föst, heldur áætluð, með því að launin sjeu að nokkru leyti undir því kominn, hve tíð þoka

verður, og að reiknað sje með 800 kr. föstum launum, en 35 aura fyrir hverja klukkustund, sem þokulúðurinn sje í gangi.

Lagt er hjer til að föstulaunin sjeu fyrst um sinn eigi ákveðinn hærri en á síðustu fjárlögum 600 kr.

Reksturskostnaðurinn er víða reiknaður nokkuð hærri, en á síðustu fjárlögum, og ef til vill full hátt, en eigi virðist bein ástæða til að færa hann niður.

IV. Bygging nýrra vita.

Við a. *Akranessviti*. Á síðustu fjárlögum var veitt fje til þessarar vita-byggingar og veittar til þess 7,800 kr síðara árið. Vitabygging þessa er ekki hægt að framkvæma á þessu fjárhagstímabili, og er því lagt til að hann verði bygður 1918, þó gera megi ráð fyrir að hann kosti þá um 11,000 kr.

Við b. *Galtarviti*. Vitamálastjóri leggur til að þessi viti verði einnig bygður fyrra árið og telur þann vita nauðsynlegan.

Við c. *Stokksnesviti*. Vitamálastjóri leggur til að þessi viti verði bygður síðara árið. Hefur hann áður gert tillögur um að byggja þennan vita, var þá áætlað að hann mundi kosta 14,500 kr. Nú gerir verkfræðingurinn ráð fyrir að vitinn kosti 19,500. Þrátt fyrir þennan mjög aukna kostnað, virðist ekki verða komist hjá að byggja nokkuð af vitum á fjárhagstímabilinu, og er hjer gert ráð fyrir, að hvort árið sjeu bygðir tveir vitar, annar stærri og hinn smærri.

Við d. *Gerðatangaviti*. Vitamálastjóri hefur einnig áður lagt til að þessi viti yrði bygður, var þá gert ráð fyrir að hann kostaði 4,200 kr., en nú er áætlað að hann muni kosta 6,000 kr.

Vitamálastjóri hefur enn fremur lagt til að bygður yrði nú viti á Kambanesi og annar í Hrísey, en eigi þykir gjörlegt að leggja út í fleiri vitabyggingar að þessu sinni.

Við V. *Sjómerki*. Liður þessi er óbreyttur.

Við VI. *Ýmislegt*. Sá liður er sömuleiðis óbreyttur.

Við 14. gr.

A. *Andlega stjettin*.

Við A. a. *Laun biskups og skrifstofukostnaður*. Óbreytt.

Við A. b, 1. *Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febrúar 1880, 1. gr.* Þessi liður lækkaði um helming, er Þykkvabæjarklausturskall losnaði. Eftir verða 1,006 kr. 41 e.

Við A. b. 2—3. Þessir liðir eru eftir tillögum biskups látnir halda sjer óbreyttir.

Við A. b. 4. Það framlag fer óðum hækkandi. Árið 1912 var það fullar 57,000 kr., 1913 rúmar 46,000 kr., 1914 tæpar 42,000 kr., 1915 rúmar 35,000 kr. og 1916 tæpar 30,000 kr.

Við A. b. 5. *Til húsabóta á prestsetrinu Bergstöðum.* Á alþingi 1915 báru þingmenn Húnavetninga fram tillögu um það, að veittur væri úr landsjóði 1,200 kr. styrkur til húsabóta á prestsetrinu Bergstöðum í Svartárdal gegn því að stjórnarráðið samþykki áætlun og uppdrætti. Eftir skýrslum þeim, sem fyrir hendi eru, eru hús á prestsetri þessu bæði lítil og ljeleg. Jörðin er að vísu gamalt prestsetur, en síðan Holtastadasókn var lögð undir Bergstaðaprestakall (lög nr. 54 frá 16. nóv. 1907), er jörð þessi svo sett í prestakallinu — á öðrum enda þess — að ekki þykir tiltækilegt að byggja þar íbúðarhús með prestakallaláni. Á hinn bóginn eru vandkvæði á því að útvega handa prestinum jörð, sem vel sje í sveit komið, svo að líkindi eru til, að presturinn verði að sitja á Bergstöðum fyrst um sinn. Það verður því varla hjá því komist að byggja upp staðinn, en presturinn sækir um umræddan styrk vegna þess, að hann getur ekki orðið aðnjótandi prestakallaláns. Tillagan um þennan styrk var feld á þinginu 1915, sennilega af því að kirkjustjórn og landstjórn höfðu ekki haft málið til meðferðar. Nú hefir biskup sent erindi prests þessa til ráðuneytisins, og leggur biskup eindregið til að hinn umbeðni styrkur verði veittur, og að hann verði færður upp í 1,500 kr. vegna dýrtíðarinnar. Ráðuneytið treystir sjer ekki til að fara fram á meira en 1,200 kr., og sje sett skilyrði hið sama, sem í tillögu þeirri, er kom fram á þinginu 1915.

Við B. *Kenslumál.*

I. *Háskólinn.*

Við B. I. *Háskólinn.*

Við B. 1. a. *Laun.* Þau eru ákveðin samkvæmt lögum nr. 36, 30. júlí 1909, lögum nr. 25, 2. nóvbr. 1915, sbr. fjárlög 1916 og 1917.

Launin sundurliðast þannig:

	Prófessorar:	1918	1919
Haraldur Nielsson		3,400	3,400
.....		3,000	3,000
Lárus H. Bjarnason .		4,400	4,400
Jón Kristjánsson		3,400	3,400
Einar Arnórsson		3,400	3,400
Guðmundur Magnússon ..		3,400	3,400
Guðmundur Hannesson...		3,400	3,400
Björn M. Ólsen .		4,400	4,400
Ágúst H. Bjarnason .		3,400	3,400
	Dósentar:		
Sigurður P. Sivertsen		3,200	3,200
Jón Jónsson Aðils		2,800	2,800
Bjarni Jónsson...		2,800	2,800

Þá hefir Jón Jónsson Aðils sótt um 400 kr. launaviðbót, og háskólaráðið mælt með því. Þykir rjett að taka þetta erindi til greina.

B. I. b. Þegar Einar Arnórsson var leystur frá ráðherraembættinu, fjekk hann 3,000 kr. árleg eftirlaun. Hann bauðst þá til að taka aftur við embætti því við háskólann, er hann fór frá þegar hann varð ráðherra, en setti það skilyrði, að hann fengi þá að launum alls 6,000 kr. þannig:

að hann taki þau laun, 3,200 kr., er hann hafði, þegar hann tók við ráðherraembættinu, og fari þau laun hækkandi samkvæmt lögum nr. 36, 30. júlí 1909 um laun háskólakennara;

að hann haldi sem persónulegri launaviðbót, samkvæmt 3. gr. eftirlaunalaga 4. mars 1904, eftirlaunum þeim, 3,000 kr., sem honum voru ákveðin eftir ráðherraembættið, samkvæmt 3. gr. laga nr. 17, 3. oktbr. 1903, með konungsúrskurði 4. janúar 1917, þó þannig að eftirlaunin lækki, meðan hann hjeldi prófessorsembættinu, að sama skapi sem prófessorslaunin hækka, en launaupphæðin öll, prófessorslaunin og eftirlaunauppbótin, verði jafnan 6,000 kr.

Það var augljóst, að það var hagar fyrir landsjóð, að taka þessu boði fv. ráðherra Einar Arnórssonar, því að öðrum kosti hefði orðið að skípa annan mann í prófessorsembættið með 3,000 kr. byrjunarlaunum, er hækka upp í 4,800 kr., en Einar Arnórsson hefði haldið eftirlaunum sínum, 3,000 kr., og gjöld landsjóðs því alls til prófessorsembættisins og eftirlaunanna orðið 7,800 kr. árlega. Hitt þó meira um vert, að tryggja með þessu móti háskólanum jafnreyndan og viðurkendan visindamann sem Einar Arnórsson. Ráðuneytinu þótti því ekki fært að hafna þessu boði hans. Það þótti þó rjett vegna ákvæðanna í 7. gr. laga nr. 35 frá 1909 að spyrja lagadeild háskólans um Einar Arnórsson. Svaraði deildin fyrirspurninni á þá leið, að hún legði eindregið til að honum, jafnreyndum visindamanni, verði veitt prófessorsembættið þegar í stað, og tók hún það fram, að hún vænti þess, að hann yrði aðnjótandi þeirrar launahækkunar, sem honum hefði borið, ef hann hefði setið óslitið í prófessorsembætti sínu.

Vegna þess að hjer var um óvenjulega ráðstöfun að ræða, þótti ráðuneytinu rjett að gera ekki frekari ráðstöfun um sinn, en að setja Einar Arnórsson í prófessorsembættið, svo að tækifæri gæfist til að vita undirtekir alþingis, áður en þetta væri bundið til frambúðar. Veiting embættisins hefir því verið frestað.

Við B. 1. c. 1.—4. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við B. 1. c. 5. *Til kennara í gotnesku og engilsaxnesku.* Samkvæmt beiðni frá kennurunum í islenskum fræðum, hefir háskólaráðið farið fram á, að fje sje heimilað á fjárlögum til þess að halda uppi kenslu í gotnesku og engilsaxnesku, óðara en einn eða fleiri stúdentar snúa sjer að islenskunámi við háskólann. Nú hefir að minsta kosti einn stúdent snúið sjer að islenskunámi þar, og með því að það er skilyrði fyrir þessu námi, að einnig sje þar kensla í gotnesku og engilsaxnesku, þá virðist ekki verða hjá því komist að ætla fje til þeirrar kenslu, er hjer um ræðir, því að varla verður það varið, að láta ófáanlega fullkomna kenslu í islensku við hinn eina íslenska háskóla hjer.

Við B. 1. c. 6. *Þóknun til kennara í dönsku.* Sú regla hefir áður komist á, að erlendum sendikennurum væri veittar 1000 kr. á ári úr landssjóði í

viðurkenningarskyni. Háskólaráðið hefir vakið athygli á því, hvort ekki væri tilhlýðilegt að veita dósent Holger Wiehe slík laun. Ráðuneytið hefir talið rjett að taka þessa bendingu til greina.

Við B. 1. d. *Til utanfarastyrks handa kennurum.* Háskólaráðið fer þess á leit, að háskólanum sje veittar 2400 kr. á ári til utanfararstyrks handa kennurum hans. Af þessu fje er gert ráð fyrir að helmingurinn (1200 kr.) gangi til læknadeildar, utanfararstyrkur handa einum kennara deildarinnar á ári. Ráðuneytið hyggur utanfarir og einkar nauðsynlegar fyrir læknisfræðiskennara sjerstaklega, en þykir eftir atvikum að aðeins sje gert ráð fyrir, að einn háskóla-kennari fari utan árlega, og njóti læknisfræðiskennari styrksins annað árið. Hjer er því styrkurinn seltur 1200 kr. hvort árið.

Við B. I. e. 1.—3. Liðurinn óbreyttur.

Við B. I. f. 1. *Til bókakaupa.* Þessi liður er óbreyttur.

Við B. I. f. 2. *Til bókakaupa handa heimspekisdeild.* Heimspekisdeild fer fram á 500 króna fjárveiting aukreitis til bókakaupa í íslenskum fræðum og 500 kr. til bókakaupa í grískum og rómverskum fræðum, hvorttveggja fyrra árið. Háskólaráðið mælir með þessari fjárveiting, sem hjer er upp tekin.

Við B. I. f. 3.—4. *Til kensluhálda handa læknadeild og umbúða m. m. við ókeyppis Klinik.* Þessir liðir eru óbreyttir.

Við B. 1. g.—i. Óbreytt.

Við B. 1. k. *Til starfrækslu rannsóknarstoðu fyrir líffærameinfræði og gerlafræði.* Gjöld til þessarar starfrækslu eru sett eftir tillögu háskólaráðsins 1200 kr. hvort árið.

Við B. I. l.—m. Þessir liðir eru óbreyttir

Við B. II. *Mentaskólinn almenni.*

Við B. II. a. *Laun.* Óbreytt.

Við B. II. b. *Til fimleikiskennarans.* Ólafur Rósenkranz fimleikakennari hefir sótt um launabót, að launin yrðu færð upp í 1200 kr. úr 700 kr. Í upphafi er hann var ráðinn til skólans, var leikfimiskenslan í skólanum 6 stundir á viku, en síðustu 8 árin hefir kenslan verið 12 stundir á viku, en kaupið ekki hækkað. Auk þess hefir kennari þessi, að vitni skólameistara, jafnan verið búinn til aðstoðar við próf, bæði við yfirsetur og prófdóma, án þess að setja upp kaup fyrir ómak sitt. Þessi kennari hefir haft á hendi kenslu við skólann í 40 ár, og með því að hann virðist hafa sanngirniskröfu til launabækkunar, er lagt til að launin verði færð upp í 1000 kr. um árið.

Við B. II. b. *Til dyravarðar.* Þessi liður er óbreyttur.

Við B. II. b. *Til söngkennara.* Óbreytt.

Við B. II. c. 1. *Til bókasafns skólans.* Óbreytt.

Við B. II. c. 2. *Til eldiviðar, ljósa og vatns.* Skólameistari hefir lagt það til, að þessi liður væri hækkaður úr 1700 kr. upp í 3800 kr. Ráðuneytið telur forsvaranlegt að ætla til þessara gjalda 2500 kr. aðeins.

Við B. II. c. 3. *Til skólahússins utan og innan.* Skólameistari hefir lagt til, að liður þessi sje hækkaður um 25% vegna hækkunar á vinnulaunum og verðhækkunar efnis, og er sú tillaga tekin hjer til greina.

Við B. II. c. 4. *Til tveggja fastra aukakennara.* Þessi liður er óbreyttur.

Við II. c. 5. *Til timakenslu og prófdómenda.* Stjórnarráðið ákvað með brjefum 26. júní og 26. júlí 1916, að timakensla skyldi hækka frá 1. janúar s. á, um 20%. Þessi liður er því hækkaður úr 5,000 kr. upp í 6,000 kr.

Við B. II. c. 6—7. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við B. II. c. 8. *Læknisþóknun.* Skólameistari tekur það fram, að þóknun sú, er lækni skólans hefir verið greidd undanfarið, 100 kr. á ári, sje orðin of lág, bæði vegna verðfalls peninga og sökum þess, að nemendur sjeu að minsta kosti þriðjungí fleiri en tíðast áður. Auk þess telur skólameistari nauðsynlegt, að alt heilsufar nemenda sje vandlega rannsakað af lækni skólans á hverju ári, ekki síst berklaveikishætta, einnig sjón og tennur. Því leggur skólastjóri til, að þóknun læknis sje hækkuð upp í 200 kr. Með því að telja verður afarnauðsynlegt, að hafðar sjeu nákvæmar gætur á heilbrigði nemenda, þykir rjett að taka þessa tillögu til greina.

Við B. II. c. 9. *Ymisleg útgjöld.* Eftir tillögu skólastjóra er liður þessi hækkaður um 25% vegna hækkunar vinnulauna og verðhækkunar vöru allrar

Við B. II. c. 10—13. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við B. III. *Gagnfræðaskólinn á Akureyri.*

Við B. III. a. *Laun.* Óbreytt.

Við B. III. b. 1. *Til aukakennara þriggja.* Þessi liður er hækkaður um 200 kr. eftir tillögu skólameistara, og eru þessar 200 kr. ætlaðar til viðbótar við borgunina fyrir söngkenslu. Sá sem kenslu þessa hefir á hendi nú, er orðinn nær sjötugur, og talinn varla fær um að halda áfram starfi þessu, sem hann hefir gegnt um 32 ár. Þóknunin fyrir kensluna hefir verið 400 kr. um árið, en skólameistari telur óhugsandi að fá nú hæfan söngkennara til skólans fyrir minna en 600 kr.

Við B. III. b. 2. *Til timakenslu.* Óbreytt.

Við B. III. b. 3. *Til bóka og kensluhálda.* Þessi liður er eftir tillögu skólameistara hækkaður um 200 kr., úr 600 kr. upp í 800 kr.

Við B. III. b. 4. *Til eldiviðar og ljósa.* Skólameistari leggur til að þessi liður sje færður upp í 2,400 kr. úr 1,200 kr. Vonandi verður nægilegt að áætla hjer 1,600 kr. hvort árið.

Við B. III. b. 5—6. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við B. III. b. 7. *Til skólahússins utan og innan.* Skólameistari telur gagngerða aðgerð og umbætur á skólahúsinu nauðsynlegar, en með því að ekki er fyrir hendi álit og áætlun um slíka aðgerð, er þessi liður eftir tillögu skólastjóra aðeins hækkaður upp í 2,000 kr. (áður 1,000 kr.).

Við B. III. b. 8. *Til ýmislegra útgjalda.* Þessi liður er eftir tillögu skólastjóra hækkaður úr 800 kr. upp í 1,000 kr. vegna hinnar almennu verðhækkunar.

Við B. IV. *Kennaraskólinn.*

Við B. IV. a. *Laun.* Liðurinn er óbreyttur.

Við B. IV. b. 1. *Til timakenslu.* Liður þessi er hækkaður úr 1,200 kr. upp í 1,500 kr. í líkingu við hækkun á samskonar lið í fjárveitingunni til Mentaskólans.

Við B. IV. b. 2. *Til aukakennara.* Liður þessi er óbreyttur.

Við B. IV. b. 3. *Til eldiviðar og ljósa.* Liðurinn er hækkaður um 600 kr. eftir tillögu skólastjóra.

Við B. IV. b. 4. *Til bókakaupa og áhalda.* Óbreytt.

Við B. IV. b. 5. *Námsstyrkur.* Liður þessi er hækkaður um 500 kr., upp í 2,000 kr., eftir tillögum skólastjóra. Ráðuneytið lítur svo á að ástæða sje til að styrkja nemendur á þessum skóla fram yfir nemendur á flestum öðrum skólum, og hefir því tekið til greina tillögu skólastjóra, þótt það hafi ekki treyst sjer til að hækka námsstyrkinn við aðra skóla. Hjer er að ræða um allkostnaðarsamt nám með sjerstökum tilgangi, sem gefur lítið í aðra hönd.

Við B. IV. b. 6—7. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við B. IV. b. 8. *Til lagfæringar á lóð.* Með tilvísan til tilsvarendi liðs í fjárlagafrumvarpi því, er lagt var fyrir þingið 1915, er hjer tekin upp fjárveiting til þess að girða og laga lóð skólans. Það virðist ekki vansalaust, að lóðir, er fylgja húseignum landssjóðs, sjeu ógirtar árum saman, og síst þar, er það er beint lagaskylda að girða lóðirnar, svo sem er í Reykjavík. Fje það er hjer er farið fram á, er 500 kr. meira en í frumv. landsstjórnarinnar 1915, vegna verðhækkunar efnis og vinnukaupshækkunar.

Við B. V. *Stórimannaskólinn.*

Við B. V. a. *Laun.* Óbreyt.

Við B. V. b. 1. *Til tímakenslu.* Liðurinn er nú hækkaður úr 2000 kr. upp í 2400 kr. í líkingu við hækkunina á samskonar liðum við Mentaskólann og Kennaraskólann.

Við B. V. b. 2. *Til áhaldakaupa.* Liðurinn er lækkaður um 200 kr. eftir tillögu skólastjóra, er telur 300 kr. munu nægja.

Við B. V. B. 3. *Til eldiviðar og ljósa.* Liður þessi er hækkaður um 300 kr. eða úr 600 kr. upp í 900 kr.

Við B. V. b. 4. *Til ýmistlegra gjalda.* Þessi liður er eftir tillögu skólastjóra færður úr 800 kr. upp í 1400 kr.

Við B. VI. *Vjelsstjóraskólinn.*

Við B. VI. a. *Laun.* Launin eru sett samkvæmt lögum nr. 37, frá 3. nóvbr. 1915.

Við B. VI. b.—d. Þessir liðir eru áætlaðir með hliðsjón til reynslu ársins 1916, en annars örðugt að gera sjer fulla grein fyrir kostnaðinum við þennan skóla, meðal annars vegna þess, að óvíst er um húsnæði fyrir hann lengur en til vordaga 1918.

Við B. VII. *Til bændakenslu.*

Við VII. 1. *Bændaskólinn á Hólum.*

Við 1. a. Liðurinn er óbreyttur.

Við 1. b. Sömuleiðis.

Við 1. c. Sá liður er óbreyttur.

Við d. *Til verklegs náms.*

Við d. 1. Liður þessi er hækkaður úr 1,200 kr. upp í 1,400 kr. samkvæmt eindregnum meðmælum skólastjórans á Hólum og á Hvanneyri. Jafnframt leggja þeir til að styrkurinn í athugasemdinni við Bændaskólana verði ákveðinn 9 kr. á viku í staðinn fyrir 6 kr. og er það einnig lagt til hjer.

Við d. 2. Liðurinn er óbreyttur.

Við d. 3. *Eldiviður og ljós.* Liður þessi hækkar úr 1,000 kr. upp í 1,500 kr., sem virðist sennileg hækkun.

Við d. 4. Liður þessi er nýr, ætlast til að kaupa fyrir þessa fjárhæð stórgripavog.

Við d. 5. Liðurinn er óbreyttur.

Við VII. 2. *Bændaskólinn á Hvanneyri.*

Við 2. a. Liður þessi er óbreyttur.

Við 2. b. Liðurinn sómuleiðis óbreyttur.

Við 2. c. Laun smíða- og leikfímiskennara eru hækkuð úr 600 kr. upp í 800 kr. á ári.

Við 2. d. 1. Til verklegs náms. Liður þessi er hækkaður eins og hjá Hólaskóla úr 1,200 upp í 1,400 kr. og af sömu ástæðum.

Við 2. d. 2. Liður þessi er óhreyttur.

Við 2. d. 3. *Til eldiviðar og ljósa.* Liður þessi er hækkaður úr 1,200 kr. upp í 1,500 kr. á ári eins og hjá Hólaskóla.

Við 2. d. 4. Liður þessi er óbreyttur.

B. VII. 3. Liðurinn er óbreyttur.

Við B. VIII. *Til iðnfræðslu.*

Við B. VIII. a—d. Þessir liðir eru óbreyttir. Sómuleiðis skilyrðin fyrir styrkveilingu.

Við IX. *Til verzlunarskóla.* Stjórn verzlunarskólans í Reykjavík hefir sótt um alt að 10000 kr. styrk til skólans hvort árið. Ráðuneytið býst við að ekki verði hjá því komist að auka styrk þennan, sem nú er 5000 kr. um árið, en treystir sjer ekki til að leggja til að hann sje færður upp í meir en í 6000 kr.

Við X. *Til húsmæðrafræðslu á Ísafirði.* Þessi styrkur er óbreyttur, en feldur burtu styrkurinn til Jónínu Sigurðardóttir Líndal til húsmæðrafræðslu á Akureyri, sökum þess að engin umsókn hefir komið frá frú Líndal, enda sagt að hún sje á förum af Akureyri.

Við XI. *Yfirsetukvennaskólinn.*

Við XI. 1—4. Liðir þessir eru óbreyttir.

Við XII. *Kvennaskólarnir.*

við XII. 1. *Kvennaskólinn í Reykjavík.*

Við XII. 1. a. *Styrkur til skólans.* Stjórnarnefnd skóla þessa hefir sótt um 2000 kr. hækkun á landsjóðstillaginu fyrra árið og 2500 króna hækkun síðara árið. Stýðst beiðnin um hækkun styrksins fyrra árið við það áform skólanefndar, að bæta aftur við einum bekk í stað þess bekkis, er leggja varð niður vegna fjárskorts. Styrkbeiðnin um enn meiri hækkun tillagsins síðara árið er og byggð á því, að þá verði hækkuð að miklum mun leigan á skólahúsinu, með því að þá verður útrunninn leigutími sá, er um er samið. Ráðuneytinu þykir trúlegt, að skólinn komist ekki af með minni landstjóðstyrk en farið er fram á

Við XII. 1. b—c, Þessir liðir eru óbreyttir.

Við B. 2. XII. *Kvennaskólinn á Blönduósi.*

Við B. XII 2 a. *Styrkur til skólans.* Það verður varla hjá því komist, að hækka styrkinn til kvennaskólans á Blönduósi vegna hinnar almennu verðhækkunar. Er lagt til að tillagið sje hækkað um 1200 kr. eða upp í 5000 kr.

Við B. XII. 2. b. *Tillag til skólans eftir nemendafjölda.* Þessi liður er óbreyttur.

Við B. XIII. *Til almennrar barnafræðslu.* Liðirnir 1 og 2 og 4—8 eru óbreyttir, en tekin upp aftur (liður 3) styrkurinn til að reisa barnaskóla utan kaupstaða, síðara árið, en þá nokkuru rífa en áður, nefnilega 20000 kr. Skilyrðin fyrir fjárveitingunni hin sömu sem áður. Bæði eftir útliti um hag landsjóðs og vegna væntanlegra erfiðleika með framkvæmdir við húsabyggingar, hefir ráðuneytið ekki treyst sjer til að ætla neitt fje til þessara bygginga fyrra árið.

Við B. XIV. *Til unglíngakenslu.*

Við B. XIV. a. Til unglíngaskóla utan *Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar.* Þessi liður er óbreyttur.

Við B. XIV. b. *Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg.* Stjórn skólans hefir sótt um allmikla: 3000 kr., hækkun á styrk þessum. Það er eflaust rjett, að skólinn kemst ekki af, nema styrkurinn verði hækkaður að mun, og er hjer lagt til að hækkunin nemi 1500 kr. hvort árið, eða að styrkurinn sje hækkaður úr 7000 kr. upp í 8500 kr. hvort árið.

Við B. XV.—XIX Liðir þessir eru óbreyttir.

Við 15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista.

Við 1. *Landsbókasafnið.*

Við 1. a.—d. Liðir þessir eru óbreyttir.

Við 1. e. *Til bókakaupa og bókbands.* Fjárveiting þessi var sundurliðuð áður, nefnilega í öðrum lið til bókakaupa og handrita, en í hinum til bókbands. Í síðustu fjárlögum var styrkurinn til bókakaupa hækkaður um 1000 kr. vegna kaupa á bókasafni Jóns heitins Borgfirðings. Safn þetta afborgast með 1000 kr. á ári, og verða eftir óborgaðar í ársbyrjun 1918 3500 kr. Hækkun á þessari fjárveitingu er því látin halda sjer. Landsbókavörður hefir beiðst þess að þessi samlagða fjárveiting sje hækkuð um 700 kr. á ári vegna þess að ekki verði komist hjá því að hækka laun bókbindara safnsins. Þótt svo sje, að óbjákvæmilegt sje að hækka laun bókbindaranna, þá treystir ráðuneytið sjer ekki til að fara fram á hækkaða fjárveitingu. Þegar fjárveitingin er færð þannig saman, er hægt að hagtæra henni til þess sem mest þarf með.

Við 1. f.—l. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við 2. *Þjóðskjalasafnið.*

Við 2. a. *Laun yfirskjalavarðar* eru talin eftir lögum nr. 39 frá 3. nóvbr. 1915.

Við 2. b. *Laun aðstoðarskjalavarðar.* Þau eru nú 1200 kr., en þjóðskjalavörðurinn leggur nú til, að laun aðstoðarskjalavarðar sjeu hækkuð upp í 1800 kr., svo að hann hafi sömu laun sem fyrsti aðstoðarmaður við Landsbókasafnið. Bendir þjóðskjalavörður á, að aðstoðarskjalaverði hafi verið gert að skyldu með reglugjörð um Þjóðskjalasafnið frá 13. janúar 1916, að vinnu 3 klukkustundum á dag lengur en áður, og hafi hann því fulla sanngirniskröfu til launahækkunar. Með því að ráðuneytið verður að fallast á ástæður Þjóðskjalavarðar, er tillaga hans hjer tekin til greina.

Við 2. c. *Til þess að binda inn og útvega og afrita merk skjöl og bækur o. s. frv.* Þessi liður kemur í stað þriggja staflíða (c—e) í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1916 og 1917, og er þessu svo til hagað eftir tillögu Þjóðskjalavarðar. Þjóðskjalavörður fer fram á, að fjárveitingin á þessum liðum sje aukin um 900 kr. á ári, svo auðið verði að auka safnið af merkilegum skjölum. Það hefir ekki þótt fært að hækka þessa fjárveiting, en af því að fjárveitingin er nú í einu lagi, má verja henni á þann hátt, er hentugast er fyrir safnið.

Við 2. d. Liðurinn óbreyttur.

Við 3. *Þjóðmenjasafnið.*

Við 3. a. *Laun þjóðmenjavarðar.* Óbreytt.

Við 3. b. *Til aðstoðar.* Eftir tillögu þjóðmenjavarðar er þessi liður færður upp um 250 kr. eða upp í 1250 kr. með tilliti til þess, að sennilega verður höggmyndasafn Éinars Jónssonar að teljast ein deild Þjóðmenjasafnsins og þá til sýnis. Þarf þá umsjón á því.

Við 3. c. *Til að útlvega forngripi og til áhalda o. s. frv.* Þjóðmenjavörður hefir farið fram á 300 kr. hækkun á þessum lið, og að liðnum sje skifti í tvent. Ætlar hann hækkunina sjerstaklega til áhaldakaupa. Ráðuneytið treystir sjer ekki til að fara fram á hækkun á þessum lið, og ekki ástæðu til að skifta honum. Með því að halda liðnum óskiftum er hægra að hagtæra fjenu til þess,* sem mest þarf á að halda í bráð.

Við 3. d. *Til að kaupa íslensk listaverk.* Fjárveitingin undir 21. tölulið 15. gr. núgildandi fjárlaga á betur heima hjer, síðan listasafnið var lagt undir Þjóðmenjasafnið. Listaverk, sem keypt eru fyrir landsfje, bætast því við Þjóðmenjasafnið. Hjer er farið fram á 2000 kr. hvort árið. Besti styrkur handa listamönnum ætti að vera fólginni í því, að verk þeirra væri keypt fyrir sæmilegt verð.

Við 3. e.—f. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við 4. *Náttúrufræðisfjelagið.* Samkvæmt beiðni fjelagsstjórnarinnar er styrkurinn til fjelagsins hækkaður um 300 kr., og ætlast til að þessari viðbót sje varið til hækknar þóknuninni fyrir umsjón við safnið. Ástæðan til þessarar hækknar er sú, að safnið hefir aukist mjög á síðari árum og þá umsjónarstarfið við það jafnframt.

Liðir 5.—14. eru óbreyttir.

Við 15. lið. *Til að gefa út dómasafn landsyfjrrjettarins.* Vegna þess að útgáfukostnaður rita hefir hækkað afarmikið, verður ekki hjá því komist að hækka þennan lið, og veitir ekki af 30 kr. fyrir örkin.

Við 16. lið. *Til þýðingar íslenskra skáldrita á aðrar tungur Norðurlanda* Á síðustu árum hefir vaknað allmikill áhugi með Dönum, Norðmönnum og Svíum á því að kynnast nútíðar bókmentum vorum, og auka þekkingu vora á bókmentum þeirra. Danir, Norðmenn og væntanlega Svíar hafa meðferðis í fjárlagafrumvörpum sínum 1000 kr. árlega fjárveiting hver, til þess að kosta íslenska þýðingu á bestu skáldritum hvefarr þjóðar. Er gert ráð fyrir að þýddar verði á íslensku að minsta kosti 20 arkir úr hverju málinu á ári, og verða þessar bækur seldar mjög vægu verði, 5—10 aura örkin. Forgöngumenn þessa fyrirtækis ytra hafa snúið sjer til þeirra Jóns biskups Helgasonar, dr. Guðmundar Finnbogasonar og Jóns kennara Ófeigssonar um, að beita sjer fyrir þetta mál á sama hátt og valdir menn í hverju landinu hafa gert. Þeir Jón biskup Helgason hafa nú lagt það til, að 1000 kr. fjárveiting verði tekin hjer upp til þýðingar íslenskra skáldrita á sama hátt. Þetta virðist ráðuneytinu vera vel til fallið, og hefir því tekið fjárveitinguna upp.

Við 17. lið. *Styrkur til útgáfu jarðarbókar Árna Magnússonar og Páls Vidalins.* Fræðafjelagið hefir sótt um 1200 kr. styrk til þess að halda áfram útgáfu jarðabókar þessarar. Með því að fjelagið telur ekki auðið að halda áfram útgáfunni styrklaust, en mjög mikitsvert að ritið verði gefið út, er lagt til að veittar verði 600 kr. til útgáfunnar á ári.

Við 18. og 19. lið. Óbreytt.

Við 20. a. lið. Einar Hjörleifsson Kvaran skáld hefir farið þess á leit, að honum verði ætlaður í fjárlagafrumvarpi þessu 2400 kr. styrkur hvort árið til ritstarfa. Hann lætur þess getið jafnframt, að með aldrinum hafi vaxið löngun sin til þess að fá ritað eitthvað af bókum, sem verulegt bókmentalegt og siðferðislegt gildi hefðu til frambúðar, en að sama skapi hafi þorrið tilhneyging sin til þess að fást við önnur efni, og sjerstaklega sá þróttur, sem til þess þurfi, að skifta huganum milli margra óskylda málefna. Ráðuneytið telur rjett að veita honum umbeðinn styrk, svo að hann geti varið kröftum sínum óskiftum til ritstarfa það sem eftir er æfnnar. Hann er nú nær sextugu. Með tilliti til þessarar hækkunar á styrknum handa Einari Hjörleifssyni Kvaran, og vegna þess að rjett virðist að styrkurinn til þeirra annara sumra, sem um mörg undanfarin ár hafa notið hans og hafa ástæðu til að treysta því, að þeir fái hann framvegis, verði heldur rifari vegna verðfalls peninga, þá er lagt til, að þessi liður verði hækkaður upp í 12000 kr. um árið. Skal það tekið fram sjerstaklega, að ástæða þykir til að ætla Einari Jónssyni frá Galtafelli, einar 2000 kr. á ári, ef ekki breytist hágur hans til muna.

Við 20. b. Með því ekki er enn búið að flytja listaverk Einars Jónssonar heim, verður að taka sömu upphæð og áður til þess.

Við 21—22. lið. Liðirnir eru óbreyttir.

Við 23. lið. *Til að semja íslenska orðabók.* Það þykir rjett að haldið sje áfram starfi Jóns heitins Ólafssonar við samning íslenskrar orðabókar. Hefir dr. Björn Bjarnason frá Viðfirði sótt um það. Ráðuneytið hefir ekki álitid þörf á að binda þessa fjárveitingu við nafn að svo stöddu.

Lið 24. lið. Til *Hannesar Þorsteinssonar til að semja æfisögu lærðra manna.* Með því að lagt er til að laun hans sem aðstoðarskjalavarðar hækki uppi 1800 kr., þykir rjett að sá styrkur, sem hjer er um að ræða, lækki, og er hjer gert ráð fyrir 400 kr. lækkun.

Við 25—27. lið Óbreytt.

Við 28. lið. *Til Jóhanns Kristjánssonar til að rannsaka meðferð á guðspakkaþje.* Starfinu getur ekki orðið lokið fyr en í ryrsta lagi í áralok 1918, og er því lagt til að styrknum sje haldið fyrra árið.

Við 29. lið. Til Guðmundar Finnbogasonar til sálarfræðisrannsóknar. Óbreytt.

Við 30. lið. *Til prófessors Ágústis Bjarnasonar til að ljúka við yfirlit yfir sögu mannsandans.* Með því að rit þetta hefir orðið lengra en til var ætlast og er enn eigi lokið, er lagt til að styrknum sje haldið fyrra ár fjárhagstímabilsins.

Við 31. lið. Styrkurinn til *Sighvals Borkfirðings* er óbreyttur.

Við 32. lið. *Til Jakobs Jóhannessonar til þess að semja íslenska setningafræði.* Þessi liður er óbreyttur.

Við 33. lið. *Til Alexanders Jóhannessonar.* Liður þessi er óbreyttur.

Við 34. lið. *Til Bjarna Jónssonar frá Vogu til að þýða Goethes Faust.* Þessi fjárveiting er tekin hjer upp samkvæmt þingsályktun neðri deildar Alþingis á aukafinginu 1916—1917.

Við 35. lið. *Til Helga E. Eiríkssonar til verkfræðingsnáms.* Þessi maður dvelur nú í Bretlandi við verkfræðingsnám, sjerstaklega við námur. Hann er talinn efnilegur og þykir rjett að veita honum nokkurn styrk úr landsjóði.

Við 36—40. lið. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við 41. lið. *Til Guðmundur Hjaltasonar til alþýðufyrirlestra.* Hann hefir sótt um 200 kr. hækkun á fyrirlestrastyrk sínum, og virðist það ekki ófyrirsynju.

Við 42—43. lið. Óbreytt.

Við 16. gr.

Við 1. *Búnaðarffjlag Íslands.* Stjórn Búnaðarffjelagsins skýrir frá, að eigi verði hjá því komist að auka tillagið smám saman til ffjelagsins, ef það eigi að geta látið starfsemi sína koma að sem bestum notum, og að sjerstaklega sje brýn þörf á því nú vegna dýrtíðarinnar, sem áhrif hafi á ýms útgjöld ffjelagsins.

Leggur stjórn Búnaðarffjelagsins til að styrkurinn sje færður upp í 60 þús. kr. hvort árið. Bæði með tillili til dýrtíðarinnar, og þess, ef Búnaðarffjelagið áliti mjög nauðsynlegt að styrkja Skeiðaáveituna, eftir því sem auðið er, hefir ráðuneytið fallist á, að veittar verði 60 þús. kr. á þessum lið á ári.

Jafnframt skal það tekið fram, að ráðuneytið telur best við eiga, að Búnaðarffjelagið hafi aðallega á höndum styrkveitingar til ræktunarfyrirtækja.

Við 2. *Til búnaðarffjelaga.* A síðustu fjárlögum var styrkurinn 20 þús. kr. á þessum lið veittur að eins síðara árið, og er lagt hjer til að eins verði að farið í þetta sinn.

Við 3. *Til vatnsvirkja.*

Við 3. a. Lagt er til að veittar sjeu 2 þús. kr. á ári á þessum lið, samkvæmt munnlegum tillögum landsverkfræðings, þó eigi sje nú veitt á þessum lið nein launaupphæð til verkfræðings. Telur landsverkfræðingurinn að þessa upphæð muni þurfa til þess að undirbúa vatnsáveituna á Skeiðunum, sem í ráði sje að hrinda nú í framkvæmd.

Við 3. b. *Til að afstýra valnaðgangi af Þverá.* Landsverkfræðingurinn hefir lagt til, að veittar verði 20 þús. kr. hvort árið til þessa fyrirtækis, en til þess voru veittar 15 þús. kr. á síðustu fjárlögum.

Lagt er til að veittar sjeu 12 þús. kr. hvort árið til þessa fyrirtækis gegn að minsta kosti $\frac{1}{4}$ framlags annars staðar frá.

Við 4. *Til sandgræðslu.* Þá leggur stjórn Búnaðarfélagsins til, samkvæmt tillögum garðyrkjufræðings Einars Helgasonar, að veittar sjeu 10 þús. kr. hvort árið til sandgræðslu. Á síðustu fjárlögum voru veittar í þessu skyni 4 þús. kr. hvort árið. Enda þótt telja beri sandgræðsluna til nauðsynlegra fyrirtækja, þá treystir ráðuneytið sjer eigi til að þessu sinni að hækka þennan lið um meira en 1 þús. kr. á ári eða upp í 5 þús. kr.

Við 5. *Til skóggræðslu.*

Við a. Laun skógræktarstjóra eru óbreytt.

Við b. Laun skógarvarða og til skóggræðslu. Lagt er til að liður þessi sje hækkaður úr 10 þús. kr. upp í 12 þús. kr. á ári.

Við 6. *Til dýralækna.*

Við 6. a. Laun 3 dýralækna eru nú sett samkvæmt lögum nr. 61, 3. nív. 1915.

Við 6. b. Liðurinn er óbreyttur.

Við 6. c. Hjer er einum dýralækni áætlaður styrkur.

Við 7. Liðurinn er óbreyttur.

Við 8. *Efnarannsóknastofan.*

Við a. Liðnum er haldið óbreyttum, 2,400 kr. en athugasemdinni slept, með því eigi þykir sýnt, að nokkur fær efnafræðingur sje fáanlegur fyrir minni föst laun en 2,400 kr. þó honum beri þess utan 25% af því, sem efnafræðisstofan innvinnur.

Við 8. b. *Til gerlarannsóknna.* Liður þessi er hækkaður úr 1,200 kr. upp í 1,500 kr. samkvæmt beiðni gerlafræðingsins.

Við 8. c. Liðurinn er óbreyttur.

Við 8. d. Liðurinn er sömuleiðis óbreyttur.

Við 9. Liðurinn er óbreyttur.

Við 10. Liðurinn er óbreyttur.

Við 11. a. og b. Liðurinn er óbreyttur.

Við 12. Liðurinn er óbreyttur.

Við 13. Liður þessi er hækkaður úr 1000 kr. uppí 2000 kr.

Við 14. Liður þessi er óbreyttur.

Við 15. Til *Fiskifjelagsins*. Liður þessi er hækkaður úr 19000 kr. á ári uppí 20 þúsund með tilliti til dýrtíðarinnar.

Við 16. Liðurinn er óbreyttur.

Við 17. Liður þessi er óbreyttur.

Við 18. Liður þessi er hækkaður úr 2,000 kr. upp í 3,200 kr. vegna þess að matsmönnum hefir fjölgað.

Við 19. Feld er burtu fjárveitingin til leiðbeiningar í ullarmati, en laun ullarmatsmanna og ferðakostnaður er óbreytt.

Við 20.—22. lið. Liðir þessir eru óbreyttir.

Við 23.—26. lið. Liðirnir eru óbreyttir.

Við 27. Liðurinn Til hjargráðasjóðs hækkar um 2,000 kr. á ári.

Við 28. Til *landhelgissjóðs*. Liður þessi hefir eigi staðið á fjárlögum fyrir en nú, en er nú tekinn upp í þau.

Við 29. Liður þessi til brimbrjóts í Bolungarvík er óbreyttur.

Við 30. Til *námurannsókna*. Fjárveiting þessi hefir verið tekin hjer upp samkvæmt itrekuðum þingsályktunum alþingis um að láta rannsaka námur, sjerstaklega kolanámur hjer á landi.

Eins og við horfir, er ekki líklegt að hæfir menn fáist til þeirra rannsókna á næsta ári, er því aðeins lagt til að veittar sjeu 2000 kr. fyrra árið til undirbúnings, svo sem til þess að athuga, hvar tiltækilegast væri að byrja á verulegri námurannsókn árið 1919, þá með aðstoð útlends sjerfræðings. Væntanlega verður þá og fenginn fullkominn efnafræðingur að efnafræðisstofunni, sem rannsakað gæti kolategundirnar að minsta kosti.

Síðara árið er lagt til, að veittar sjeu 15,000 kr. Er sú upphæð sennilega fremur of lág en of há, þar sem óhjákvæmilegt er, að njóta útlendrar aðstoðar við rannsóknina.

Við 17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum er óbreytt.

Við 18. gr.

Við þessa grein athugast:

1. Að styrkurinn til Solveigar Þórðardóttur fellur niður, með því að yngsti sonur hennar er nú af ómagaaldri.
2. Lagt er til að styrkurinn til barna Þorsteins Erlingssonar sje hækkaður úr 400 kr. upp í 600 kr. á ári, með því heimilið, sem elur þau upp, mun vera mjög tæpstatt, og því ekki geta komist af með minni styrk en sem svarar því, sem ekkju með 2 börnum mundi vera veitt.
Gera má og ráð fyrir, að þjóðin sje fús til að sjá svo um uppeldi þessara barna, að það geti orðið vel sæmilegt.
3. Viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Ástu Þórarinsdóttur er tekin upp í þessa grein samkvæmt fjáráskjalögunum fyrir árin 1914 og 1915.
4. Þá er lagt til að ekkjufrú Auði Gísladóttur, ekkju síra Árna Jónssonar frá Hólum, sje veittur 300 kr. styrkur á ári.
5. Og loks er lagt til að ekkjufrú Önnu Ásmundsdóttur, ekkju Ásgeirs Torfasonar, sje veittur 300 kr. styrkur á ári og 300 kr. styrkur til þriggja barna hennar meðan þau eru á ómagaaldri.

Við 19. gr.

Til óvissra útgjalda. Greinin er óbreytt.

Við 21. gr.

Til lána úr viðlagasjóði. Enda þótt að eigi sjeu líkur fyrir að landsjóður hafi miklu að miðla til lána, og að æskilegra væri, að landssjóður gæti haft tekjuafgang sinn í handbæru fje, þegar hann er nokkur, þá er þó hjer lagt til, að stjórninni veitist áfram heimild til að lána til fyrirtækja þeirra, er talin eru í liðunum 1—4 á síðustu fjárlögum.

Skrá

yfir

eftirlaun þau til embættismanna og embættismannaækkna og barna, sem hvildu á landssjóði í lok aprilmánaðar 1917.

A. Embættismenn.		kr.	a.	kr.	a.
1.	Þorgrímur Johnsen, hjeraðslæknir í 11. læknishjeraði kon.úrsk. ¹⁴ / ₄ 1896.	1,586	20		
2.	Franz Siemsen, sýslum. í Gullbringu- og Kjósarsýslu kon.úrsk. ¹² / ₆ 1899.	1,601	40		
3.	Július Halldórsson, hjeraðslæknir í Blönduóshjeraði... kon.úrsk. ¹⁹ / ₄ 1906.	1,133	33		
4.	Einar Benediktsson, sýslumaður í Rangárvallasýslu ... kon.úrsk. ⁹ / ₄ 1907.	641	91		
5.	Halldór Briem, kennari við gagnfræðaskólann á Akureyri ... kon.úrsk. ¹³ / ₇ 1908.	1,440	00		
6.	Marínó Hafstein, sýslumaður í Strandasýslu. ... kon.úrsk. ³⁰ / ₁₁ 1908.	1,008	00		
7.	Helgi Guðmundsson, hjeraðslæknir í Siglufjarðarhjeraði kon.úrsk. ¹ / ₁₁ 1910.	1,000	00		
8.	Axel Valdemar Tulinius, sýslumaður í Suður-Múlasýslu kon.úrsk. ¹ / ₇ 1911.	1,876	62		
9.	Eiríkur Briem, 1. kennari við prestaskólann. ... kon.úrsk. ²⁰ / ₁₀ 1911.	1,737	78		
10.	Sigurður Sigurðsson, hjeraðslæknir í Dalahjeraði. ... kon.úrsk. ²⁵ / ₇ 1913.	750	00		
11.	Ásgeir Blöndal, hjeraðslæknir í Eyrarbakkahjeraði ... kon.úrsk. ²⁶ / ₅ 1914.	1,000	00		
12.	Bjarni Jensson, hjeraðslæknir í Síðuhjeraði .. kon.úrsk. ¹⁷ / ₂ 1914.	1,000	00		
13.	Hannes Hafstein, ráðherra.. kon.úrsk. ²¹ / ₇ 1914.	5,333	33		
14.	Sigurður Þórðarson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu ... kon.úrsk. ⁷ / ₁₀ 1914.	2,276	70		
15.	Björn Bjarnarson, sýslumaður í Dalasýslu ... kon.úrsk. ¹¹ / ₉ 1914.	1,473	33		
16.	Björn G. Blöndal, hjeraðslæknir í Miðfjarðarhjeraði... kon.úrsk. ²⁸ / ₇ 1915.	875	00		
17.	Sigurður Ólafsson, sýslumaður í Árnessýslu.. kon.úrsk. ³⁰ / ₇ 1915.	2,571	35		
18.	Klemens Jónsson, landritari ... kon.úrsk. ⁴ / ₁ 1917.	4,000	00		
	Flyt: ...			31,304	95
				31,304	95

	kr.	a.	kr.	a.
Fluttar:	31,304	95
<i>B. Embættismannaekkjur og börn.</i>				
1. Clara Margrete Henriette Snæbjörnsson, ekkja sýslumanns Jón Snæbjörnssonar í Borgarfjarðarsýslu, frá 1. septbr. 1860 kr. 212,87				
Ennfremur styrkur til húsaleigu — 40,00	252	87		
2. Camilla Tómasson, ekkja hjeraðslæknis Þórðar Tómassonar, frá 1. desbr. 1873	197	00		
3. Kristjana Hafstein, ekkja Pjeturs Hafsteins amtmanns, frá 1. júlí 1875	529	16		
4. Lovise Emilie Mariane Weywadt, ekkja hjeraðslæknis Weywadts, frá 1. nóvbr. 1881	81	25		
5. Elinborg Thorberg, ekkja landshöfðingja Bergs Thorbergs, frá 1. febr. 1886	919	17		
6. Kristín Skúladóttir, ekkja hjeraðslæknis Boga Pjeturssonar, frá 1. jan. 1890	187	50		
7. Caroline Rósa Jónassen, ekkja E. Th. Jónassen amtmanns, frá 1. okt. 1891	750	00		
8. Ragnheiður Guðjónsen, ekkja Einars Guðjónsen hjeraðslæknis í 13. læknishjeraði, frá 1. ág. 1891 ...	187	50		
9. Ásta Hallgrímsson, ekkja Tómasar Hallgrímssonar læknaskólakennara, frá 1. jan. 1894	350	09		
10. Þórhildur Tómasdóttir, ekkja eftir Helga Hálfðánarson forstöðum. prestaskólans, frá 1. febr. 1894	575	00		
11. Ingunn Halldórsdóttir, ekkja H. E. Johsens sýslumanns í Rangárvallasýslu, frá 1. maí 1894	412	59		
12. Kristín Blöndal, ekkja Lárusar Blöndal sýslumanns í Húnavatnssýslu, frá 1. maí 1894	582	45		
13. Ingibjörg Jensdóttir, ekkja Hjörts Jónssonar hjeraðslæknis í 4. læknishjeraði, frá 1. maí 1894	305	00		
14. Þuríður Johnsen, ekkja Jóns Johnsen sýslumanns í Suður-Múlasýslu, frá 1. nóvbr. 1895	430	80		
15. Elísabet Ragnhildur Jónsdóttir, ekkja Ólafs Sigvaldasonar hjeraðslæknis, frá 1. júní 1896	187	50		
16. Margrjet Guðmundsdóttir, ekkja Jóhannesar Ólafssonar sýslumanns í Skagafjarðarsýslu, frá 1. apríl 1897	398	37		
17. Elín Guðrún Blöndal, ekkja Páls Blöndal hjeraðslæknis í 3. læknishjeraði, frá 1. febr. 1903... ..	187	50		
18. Henriette Lovise Jensson, ekkja Björns Jenssonar kennara við lærða skólann í Reykjavík, frá 1. marz 1903	350	00		
19. Álheiður Helga Briem, ekkja Páls Briem amtmanns, frá 1. jan. 1905 kr. 625,00				
Samkv. kon. úrsk. ²¹ / ₃ 1905 handa börnnm hennar til fullra 18 ára:				
Flyt: ... kr. 625,00	6,883	66	31,304	95

	kr.	a.	kr.	a.
Fluttar: ...	kr. 625,00			
1. Friede f. 7. október 1900 —	100,00			
2. Helga f. 18. júní 1902 —	100,00			
3. Þórdís f. 1. apríl 1904 —	100,00			
		925	00	
20. Margrjet Magnúsdóttir, ekkja Ólafs Guðmundssonar hjeraðslæknis, frá 1. apríl 1906.		187	50	
21. Guðrún B. Gísladóttir, ekkja Jóns Sigurðssonar hjeraðslæknis		189	37	
22. Laura Malvina Scheving, ekkja Guðmundar Scheving hjeraðslæknis, frá 1. febr. 1909		187	50	
23. Elína Marine Bolette Sveinsson, ekkja Hallgríms Sveinssonar biskups, frá 1. jan. 1910		875	00	
24. Ingibjörg Sigurðardóttir, ekkja Jóns Jónssonar hjeraðslæknis í Hróarstunguhjæði, frá 1. sept. 1910	kr. 150,00			
Samkv. kon. úrsk. $\frac{4}{4}$ 1911, handa börnum hennar þar til þau eru fullra 16 ára:				
1. Ragnhildi, f. 14. júlí 1907 —	80,00			
2. Jóni Baldri, f. 15. júní 1909 —	80,00			
		310	00	
25. Þóra Gísladóttir, ekkja Sigurðar Pálssonar hjeraðslæknis í Sauðárkrókshjæði, frá 1. nóvbr. 1910	kr. 212,50			
Samkv. kon. úrsk. $\frac{21}{3}$ 1911 handa syni hennar þar til hann er fullra 16 ára:				
Páli f. 25. ágúst 1905 —	80,00			
		292	50	
26. Þórunn Jónassen, ekkja dr. J. Jónassen landlæknis, frá 1. desbr. 1910		539	17	
27. Elisabet Sveinsdóttir, ekkja Björns Jónssonar ráðherra, frá 1. desbr. 1912		600	00	
28. Guðriður Birgitta Thorsteinsson, ekkja rektors Steingríms Thorsteinssonar, frá 1. septbr. 1913		483	33	
29. Óliva María Guðmundsson, ekkja Guðlaugs Guðmundssonar sýslumanns, frá 1. septbr. 1913		560	83	
30. Johanne Margrethe Havsteen, ekkja Júlíusar amtm. Havsteen. frá 1. júní 1915		750	00	
31. Sigríður Hjaltadóttir, ekkja Jóns Jenssonar yfirdómara, frá 1. júlí 1915	kr. 500,00			
Samkv. kon. úrsk. 28. júlí 1915, handa dóttur hennar: Sesselju f. $\frac{12}{1}$ 1900, þar til hún er fullra 18 ára	— 100,00			
		600	00	
32. Theodóra Thoroddsen, ekkja Skúla Thoroddsen sýslumanns, frá 1. júní 1916	kr. 535,17			
Samkv. kon.úrsk. 3. ágúst 1916 handa				
		13,383	86	
Flyt: kr. 535,17		31,304	95	

	kr.	a.	kr.	a.
Fluttar: kr. 535,17	13,383	86	31,304	95
börnum hennar þar til þau eru fullra 18 ára:				
1. Bolla, f. 26. apríl 1901 — 100,00				
2. Sigurði, f. 24. júlí 1902 — 100,00				
3. Sverri, f. 15. júlí 1904 — 100,00				
4. Mariu Kristínu, f. 12. sept. 1906... .. . — 100,00				
	935	17		
33. Elin, ekkja landshöfðingja Magnúsar Stephensen, frá 1/6 1917	1,200	00	15,519	03
<i>C. Uppgjafaprestar.</i>				
1. Stefán Stephensen, prestur að Mosfelli, frá fardögum 1900.	208	65		
2. Lárn Benediktsson, prestur að Selárdal, frá fardögum 1902.	54	28		
3. Tómas Björnsson, prestur að Barði, frá fardögum 1902	405	28		
4. Ólafur Stephensen, prestur að Mosfelli, frá fardögum 1903.	145	56		
5. Jón Magnússon, prestur að Ríp, frá fardögum 1904...	230	00		
6. Páll Sivertsen, prestur að Stað i Aðalvík, frá fardögum 1906.	477	73	1,521	50
<i>D. Prestsekkjur.</i>				
Eftir landsreikningnum 1915 námu eftirlaun prestsekkna úr landssjóði í árslok.. .. . kr. 9,318,52				
Þar af samkv. 18. gr. fjárlaganna... .. . — 2,955,40				
Föst eftirlaun kr. 6,363,12				
Síðan hefir fallið burt. — 522,69	5,840	43		
Aftur hefir bætt við... .. .	17	02	5,857	45
<i>E. Samkvæmt 18. gr. fjárlaganna.</i>				
Til próf. dr. phil. Þorvaldar Thoroddsen	2,000	00		
— sira Matthíasar Jochumssonar	2,400	00		
— ekkjufrúar Jacobinu Thomsen	300	00		
Viðbót við eftirlaun prestsekkju Ragn. Jónsdóttur	105	40		
Til ekkjufrúar Torfhildar Holm	360	00		
— — Marie Katrine Jónsson	300	00		
— — Bjargar Jónsdóttur	300	00		
— — Valgerðar Þorsteinsdóttur	250	00		
— lækni-sekkju Magneu Ásgeirsson.. .. .	200	00		
— prestsekkju Elinborgar Friðriksdóttur	800	00		
Flyt:	7,015	40	54,202	93

	kr.	a.	kr.	a.
	7,015	40	54,202	93
Fluttar ...				
— ekkjufrúar Ragnhildar Björnsdóttur	300	00		
— — Þóru Melsted	600	00		
— prestsekkju Ingunnar Loftsdóttur	300	00		
— — Bjargar Einarsdóttur	300	00		
— — Guðrúnar Björnsdóttur... ..	300	00		
Viðbót við eftirlaun lækni-sekkju Elisabetar Ragnhildar Jónsdóttur	150	00		
Til fyrrum spítalaforstöðukonu Guðrúnar Jónsdóttur.. ...	200	00		
Viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Guðrúnar Pjetursdóttur.. ..	300	00		
— — — — Kristínar Sveinbjarnardóttur.	300	00		
— — — — Guðrúnar Torfadóttur	300	00		
— — — — Ástu Þórarinsdóttur	129	94		
— — — — Ásgeirs Blöndals hjeraðslæknis	250	00		
Til Sumarliða pósts	200	00		
— Jóhanns pósts Jónssonar	200	00		
— Hallgríms pósts Krákssonar	200	00		
— Bødvars pósts Jónssonar	100	00		
— Hjartar Snorrasonar, fyrrum skólástjóra..	500	00		
— Sigurðar regluboda og dbrm. Eiríkssonar	300	00		
— Guðlaugar Zakaríasdóttur, ekkju Torfa Bjarnasonar ...	360	00		
— Jakobínu Pjetursdóttur, ekkju Jóns Stefánssonar... ..	200	00		
— Árna Gíslasonar, pósts.	300	00		
— Bjarna Ketilssonar, pósts	300	00		
— tveggja barna Þorsteins Erlingssonar	600	00		
— prestsekkju Auðar Gísladóttur	300	00		
— ekkju Ásgeirs Torfasonar, frú Önnu Ásmundsdóttur ... og uppeldisstyrkur þriggja barna hennar	600	00		
			14,605	34
Samfals ..			68,808	27
Tillag til ellistyrktarsjóðanna			20,000	00
Samtals ...			88,808	27